



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Vor 2012

BS ritgerð
í viðskiptafræði

Viðskiptavild

Er breyting á bókfærðri viðskiptavild eftir hrun?

Nemandi:

Þórunn Magnea Jónsdóttir

Leiðbeinandi:

Stefán Svavarsson

Staðfesting á lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptafræði

Titill verkefnis:

Viðskiptavild

Er breyting á bókfærðri viðskiptavild eftir hrun?

Unnið af:
Pórunn Magnea Jónsdóttir
kt. 040376-4299

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hlotið

lokaeinkunnina: _____

Háskólinn á Bifröst, 11. apríl 2012

Stimpill skólans

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Vor 2012

BS ritgerð
í viðskiptafræði

Viðskiptavild

Er breyting á bókfærðri viðskiptavild eftir hrun?

Nemandi:
Þórunn Magnea Jónsdóttir

Leiðbeinandi:
Stefán Svavarsson

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um viðskiptavild og farið yfir hvernig hún færist í bókhaldi fyrirtækja. Viðskiptavild er afgangsstærð þegar búið er að deila út kaupverði á eignir að frádregnum skuldum við sameiningu fyrirtækja. Farið er nokkuð ítarlega í gegnum lagarammann sem snýr að viðskiptavildinni og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem henni tengjast gerð góð skil. Mögulegar bókhaldsbrellur með viðskiptavild koma einnig við sögu og er í því samhengi fjallað um fyrirbæri sem kallast skuldsett yfirtaka og öfugur samruni. Skoðað er umfang viðskiptavildarinnar í fjórum íslenskum fyrirtækjum með því að skoða ársreikninga félaganna á tímabilinu 2007-2011 en á þeim tíma varð efnahagshrun hér á Íslandi sem og annars staðar í heiminum. Flest fyrirtæki eru nokkuð löskuð eftir hrunið en þó misjafnlega mikið. Þegar niðursveiflur verða í rekstrarumhverfi fyrirtækja á samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum að virðisrýra viðskiptavildina með beinni niðurfærslu. Þá er gert svokallað virðisrýrnunarpróf og eru því sem og hvernig því er beitt einnig gerð skil. Skoðað er sérstaklega hvort félögin sem tekin eru fyrir hafi eftir efnahagshrunið fært viðskiptavildina niður í bókum sínum eftir að virðisrýrnunarprófinu var beitt. Í því samhengi er einnig skoðað hvort hlutfall viðskiptavildar á móti heildareignum og eigin fé félaganna hafi lækkað eftir hrun. Stutt dæmi eru tekin þar sem við á til að auðvelda skilning.

Helstu heimildir sem stuðst er við eru alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IRFS, IAS), lög um ársreikninga, ársreikningar fyrirtækjanna sem skoðuð eru í ritgerðinni og síðan ýmsar greinar sem menn fróðir um viðskiptavildina hafa skrifað og birt.

Helstu niðurstöður sem fást úr þessari athugun eru að umfang viðskiptavildar hjá fyrirtækjunum hefur ekki minnkað að miklu ráði eftir efnahagshrunið þrátt fyrir að félögin hafi öll beitt virðisrýrnunarprófi samkvæmt IAS 36. Þó að hlutfall viðskiptavildar í efnahagsreikningum fyrirtækjanna sé enn gífurlega hátt hefur hlutfall viðskiptavildar á móti eigin fé félaganna lækkað á tímabilinu 2010-2011 samanborið við tímabilið 2008-2009. En skýringum í ársreikningum félaga er snúa að viðskiptavildinni er oft ábótavant og ekki fyrir hvern sem er að lesa úr þeim.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. INNGANGUR | 8 |
| 2. HVAÐ ER VIÐSKIPTAVILD? | 10 |
| 2.1 Hvernig myndast viðskiptavild í bókhaldinu? | 11 |
| 2.2 Viðskiptavild | 13 |
| 2.2.1 Kostnaðarvirði - matsvirði - gangvirði | 13 |
| 2.2.2 Neikvæð viðskiptavild | 14 |
| 2.3 Saga viðskiptavildar | 15 |
| 2.3.1 Kaupaðferð | 16 |
| 2.3.2 Samlegðaraðferð | 16 |
| 3. LAGAUMHVERFIÐ | 17 |
| 3.1 Alþjóðlegir reikningskilastaðlar (IFRS)..... | 18 |
| 3.1.1 IRFS 3 Sameining fyrirtækja | 21 |
| 3.1.2 IAS 38 – Óefnisleg eign | 23 |
| 3.1.3 IAS 36 – Virðisrýrnun eigna | 24 |
| 3.2 Lög um ársreikninga nr.3/2006 (ÁRSL)..... | 30 |
| 3.2.1 Samanburður á ÁRSL og IFRS | 31 |
| 3.2.2 Önnur lagaákvæði | 32 |
| 4. GAGNRÝNI Á VIÐSKIPTAVILD | 33 |
| 4.1 Skuldsett yfirtaka og öfugur samruni..... | 34 |
| 5. VIÐSKIPTAVILD NOKKURRA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA | 37 |
| 5.1 Umfang | 37 |
| 5.1.1 Nýherji | 38 |
| 5.1.2 Icelandair Group | 40 |
| 5.1.3 Marel..... | 41 |
| 5.1.4 Össur..... | 42 |
| 5.2 Samantekt yfir viðskiptavildina hjá íslensku félögunum..... | 43 |
| 6. LOKAORÐ | 45 |
| 7. HEIMILDASKRÁ | 47 |

Myndayfirlit

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Fjöldi félaga á Íslandi sem beittu alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum á tímabilinu 2004-2011..... | 19 |
| Mynd 2. Ferli sem fylgir sameiningu fyrirtækja og úthlutun á viðskiptavild | 21 |
| Mynd 3. Ferli virðisrýrnunarprófs..... | 28 |
| Mynd 4. Meðaltal, hlutfall viðskiptavildar af heildareignum og meðaltal, hlutfall viðskiptavildar af eigin fé | 44 |

Töfluyfirlit

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Virðisrýrnunarpróf 1..... | 25 |
| Tafla 2. Virðisrýrnunarpróf 2..... | 26 |
| Tafla 3. Þróun viðskiptavildar hjá Nýherja..... | 38 |
| Tafla 4. Þróun viðskiptavildar hjá Icelandair Group | 40 |
| Tafla 5. Þróun viðskiptavildar hjá Marel | 41 |
| Tafla 6. Þróun viðskiptavildar hjá Össuri..... | 42 |

1. Inngangur

Markmið höfundar þessarar ritgerðar er að skilgreina ítarlega hugtakið viðskiptavild og var viðfangsefnið valið með það í huga að auka skilning höfundar á efninu. Meginefni ritgerðarinnar er um hvernig viðskiptavild verður til, hvernig hún færist í efnahagsreikninga fyrirtækja og einnig hver meðhöndlun hennar síðan er.

Viðskiptavild er óefnisleg afgangsstærð sem verður einungis til við kaup eða samruna fyrirtækja. Þetta fyrirbæri vegur nokkuð þungt í efnahagsreikningum fyrirtækja og jókst vægið sérstaklega frá árinu 2005 og fram að efnahagshruninu haustið 2008. Má rekja hækkunina frá 2005 beint til þeirra breytinga sem urðu með tilkomu og innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (e. International financial reporting standards), skammstafað IFRS. Með innleiðingunni breyttust reikningsskil skráðra félaga mjög mikið. Þessa afgangsstærð er fyrirtækjum heimilt að færa til eignar í bókhaldinu. Áður fyrr var viðskiptavild samkvæmt 24. gr. laga um ársreikninga afskrifuð á nýtingartíma hennar en þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Þessi lög eru vitaskuld enn í gildi en það sem breyttist árið 2005 er að samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum má ekki afskrifa viðskiptavildina heldur skal gert á henni svokallað virðisrýrnunarpróf til að athuga hvort sjóðstreymi fyrirtækisins standi í raun og veru undir henni. Er félögum sem skráð eru á markað skylt að fylgja þessu. Í ritgerðinni er framkvæmd þessa prófs gaumgæfilega skoðuð og þeir erfiðleikar sem að henni kunna að steðja.

En af hverju stafar þá sú mikla gagnrýni á viðskiptavild sem hljómað hefur hátt eftir efnahagshrunið 2008. Stafar hún kannski af þekkingarleysi eða vankunnáttu fólks á þessu fyrirbæri. Mjög skiptar skoðanir eru á tilvist viðskiptavildar sem eignar hjá fyrirtækjum og oft er rætt um að hún sé ekkert annað en loftbóla. Fyrirverandi viðskiptaráðherra Íslands og kennari í hagfræði við Háskóla Íslands, Gylfi Magnússon, er þeirrar skoðunar að menn hafi búið til fjármagn á pappírnum sem engin innstæða hafi verið fyrir. Var það þá regluverkið sem brást? Viðskiptavild er óápreifanleg eign sem getur gufað upp ef fyrirtæki lenda í erfiðleikum og í því samhengi verður litið á fyrirbæri sem kallast skuldsett yfirtaka með öfugum samruna.

Skoðaðar verða lagaheimildir sem tengjast viðskiptavildinni sem eru þá alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IFRS/IAS) og lög um ársreikninga (lög nr. 3/2006).

Einnig verður skoðað hversu mikil viðskiptavildin er í efnahagsreikningum fjögurra íslenskra fyrirtækja fyrir og eftir hrun. Viðskiptavildin myndaðist nær eingöngu hjá þessum félögum vegna kaupa á dótturfélögum sem keypt voru á yfirverði. Félögin sem urðu fyrir valinu eru öll í kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland), Nýherji, Össur, Marel og Icelandair Group. Aðallega verður skoðað hvort einhverjar breytingar hafi orðið á viðskiptavildinni á tímabilinu 2007-2011 og þá aðallega hvort viðskiptavildin hafi verið færð niður með virðisrýrnun. Hlutfall viðskiptavildarinnar á móti heildareignum og eigin fé félaganna verður einnig skoðað og borið saman á umræddu tímabili. Reynt verður að leita svara við spurningu um hvort breyting hafi orðið á bókfærðri viðskiptavild í efnahagi fyrirtækjanna eftir efnahagshrunið. Ekki er ætlunin að bera saman umrædd félög á nokkurn hátt enda er rekstur þeirra ekki sambærilegur og þau ekki í beinni samkeppni.

2. Hvað er viðskiptavild?

Hugtakið viðskiptavild er skilgreint á nokkra vegu. Bein þýðing frá ensku yfir á íslensku á orðinu (e. goodwill) myndi vera velvild og það er einmitt það sem felst í orðinu viðskiptavild, velvild viðskiptavina gagnvart tilteknum atvinnurekstri. Áður fyrr litu kaupmenn svo á að viðskiptavild væri merki um gott samband við viðskiptavinum þeirra. Í íslenskum rétti hefur hugtakið verið skilgreint svona: „Viðskiptavild (goodwill) merkir fjárhagslegt verðmæti atvinnufyrirtækis sem fólgið er í því að hópur viðskiptamanna kýs að skipta við fyrirtæki sakir einhverra sérstakra kostna þess“ (Páll Sigurðsson, 2008). Samkvæmt *Íslenskri orðabók* er viðskiptavild „það fjárhagslega verðmæti sem felst í því fyrir fyrirtæki að eiga hóp fastra viðskiptavina“ (*Íslensk orðabók*, 1985) og í skilgreiningu *Íslensku alfræðiorðabókarinnar* segir að viðskiptavild sé „verðmæti þess álits sem fyrirtæki nýtur, viðskiptasambanda þess og hagkvæmrar staðsetningar“ (*Íslenska alfræðiorðabókin*, 1990). Flest allar skilgreiningar á hugtakinu viðskiptavild eru keimlíka og fjalla um óáþreifanlegt fyrirbæri er ræðst af tryggð viðskiptavina við fyrirtækið. Viðskiptavild er sem sé óefnisleg eign sem er jafnframt óáþreifanleg. Hin almenna skilgreining hvað varðar reikningshald er á þá leið að með viðskiptavild sé átt við þær óefnislegu eignir (e. intangible assets) sem fyrirtæki hefur keypt og eru til vitnis um hæfi fyrirtækis til að ávaxta sig betur og skila þar af leiðandi meiri hagnaði en gengur og gerist meðal fyrirtækja í sömu atvinnugrein (Stefán Svavarsson, 2007).

Viðskiptavild er mismunurinn á heildareignum fyrirtækis og matsverði aðgreinanlegra eigna þess og skulda. Hana er ekki unnt að selja sérstaklega eins og aðrar óefnislegar eignir, svo sem útgáfurétt, einkaleyfi og fleira. Hvað varðar reikningshald getur viðskiptavild eingöngu orðið til sem eign í efnahagsreikningi fyrirtækja ef hún er keypt. Nánar verður komið að því í kaflanum hér á eftir. Viðskiptavild er eign með óskilgreindan líftíma og er meðhöndluð líkt og aðrar langtímaeignir að því undanskildu að þær eru ekki afskrifaðar eftir ákveðinn árafjölda. Með innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS) 1. janúar 2005 breyttust reikningsskil skráðra félaga mjög mikið. Skyld er að eignfæra viðskiptavild þegar viðskipti eiga sér stað og gera virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega samkvæmt reikningsskilastaðli IAS 36 í stað línulegra afskrifta eins og áður fyrr.

Mikið hefur verið rætt og ritað um óefnislegar eignir og þá sérstaklega í kjölfar innleiðingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna og eftir efnahagshrunið haustið 2008.

Skoðanir manna eru þar ívið misjafnar, í kjölfarið hafa sprottið upp miklar umræður um viðskiptavildina og vilja menn meina að stjórnendur fyrirtækja hafi fært hana upp í bókum eftir eigin hentugleika til þess eins að fegra eiginfjárstöðu félaganna (Margrét Flóvenz, 2009) en þar gætir mikils misskilnings. Skoðum hvernig viðskiptavild er tilkomin og hvernig hún verður að eign í bókum fyrirtækja.

2.1 Hvernig myndast viðskiptavild í bókhaldinu?

Viðskiptavild getur myndast við samruna fyrirtækja þegar félag eða fyrirtæki kaupir annað fyrirtæki sem er í rekstri og greiðir hærra verð fyrir það en sem nemur gangvirði eða matsverði aðgreinanlegra eigna og skulda. Það sem er umfram þegar búið er að deila kaupverðinu á eignirnar samkvæmt matsvirði flokkast sem viðskiptavild (Stefán Svavarsson, 2007).

Tökum fyrst einfalt dæmi og skoðum þetta síðan ítarlega. Fyrirtækið A kaupir fyrirtækið B og greiðir fyrir það eina milljón. Eignir B eru samkvæmt efnahagsreikningi 1,1 milljón og skuldir 0,4 milljónir sem gefur okkur eigið fé upp á 0,7 milljónir. Fyrirtækið B fellur þá inn í sem eign í fyrirtæki A og í bókum A stendur B þá sem eignarhluti upp á eina milljón eins og A greiddi fyrir það. Mismunurinn á því sem A greiddi og bókfærðu eign fé B er að fjárhæð 0,3 milljónir og verður að viðskiptavild ef matsvirði eignanna sem voru í B er það sama og upphaflega stendur í efnahagsreikningnum og færast viðskiptavildin þá í bókum A sem slík. Taka verður tillit til gangverðs eigna og skulda áður en mismunurinn er allur talinn til viðskiptavildar. Viðskiptavild verður sem sé til þegar félag eða annar rekstur er keyptur á hærra verði en svarar til bókfærðs eigin fjár hinnar keyptu einingar, það er að segja mismunur eigna og skulda annars vegar og kaupverðs hins vegar að teknu tilliti til mats annarra eigna og skulda (Margrét Flóvenz, 2009). Samkvæmt reglum um reikningshald ber að eignfæra þennan mismun endá er búið að greiða fyrir hann. Ástæða þess að félag er tilbúið til þess að greiða meira fyrir fyrirtæki eða rekstur en sem svarar matsverði eigna að frádregnu matsverði skulda getur legið í ýmsum þáttum. Til dæmis geta komið til samlegðaráhrif þess að sameina tvö fyrirtæki í eitt en þá byggist viðskiptavildin á væntum áhrifum samrunans á framtíðarsjóðstreymið. Aðrar skýringar geta til dæmis verið gott orðspor sem fyrirtækið hefur skapað sér, gott og langt viðskiptasamband við birgja og viðskiptavinum, reynsla, þekking og starfsreynsla starfsfólks, góðir stjórnendur og gott rekstrarumhverfi.

Fyrirtækið er jafnvel með þekktar framleiðsluvörur og / eða vörumerki, góða markaðsþekkingu og / eða sterka markaðshlutdeild. Einnig má nefna gott lánstraust og góð viðskiptasambönd og svo mætti lengi telja. Allt eru þetta óáþreifanlegir þættir og ekki hægt að setja á þá fastan verðmiða en til þess að þeir geti talist til viðskiptavildar þurfa þessir þættir sameiginlega að skila hagnaði sem er meiri en almenn ávöxtunarkrafa segir til um, að öðrum kosti hvílir ekki viðskiptavild í viðkomandi fyrirtæki (Stefán Svavarsson, 2007). Ekki má samt útiloka aðrar skýringar, svo sem að einfaldlega sé lagt rangt mat á fyrirtækið og þannig kolrangur verðmiði settur á það, það er að segja að sá aðili sem kaupir fyrirtækið hafi einfaldlega ekki þekkingu á markaðinum og fyrirtækinu, sé jafnvel fljótfer og illa að sér í þessum efnunum. Annað dæmi, sem haft er eftir Gylfa Magnússyni fyrrverandi viðskiptaráðherra, er að menn hafi í góðærinu einfaldlega búið til eigið fé á pappírnum með því að kaupa eignir á verði sem var mjög óraunhæft og færa muninn sem viðskiptavild. Má kannski með því segja að „útrásarvíkingarnir“ hafi keypt fyrirtæki á ofurverði á græðginni einni saman og þannig hafi þessi ofvaxna viðskiptavild orðið til.

Keypt jákvæð viðskiptavild (e. Purchased goodwill) getur birst í efni reikningsskila á þrennan hátt. Fyrst skal nefnt, eins og fram kemur í dæminu hér á undan, þegar eitt fyrirtæki kaupir annað eða rekstur annars fyrirtækis og fellir inn í eigin rekstur með samruna. Hinn keypti rekstur eða fyrirtæki verður þá eins og ein deild innan starfsemi kaupandans. Einnig getur viðskiptavild birst í svonefndum samstæðureikningsskilum en þau eru samin þegar eitt fyrirtæki eignast meirihluta í öðru fyrirtæki með kaupum á hlutabréfum. Venjulegast er að miða við meiri en 50% eignaraðild. Þessi viðskiptavild er stundum kölluð samstæðuviðskiptavild. Loks getur viðskiptavild falist í kaupverði á hlutabréfum þegar um er að ræða svonefnda hlutdeildaraðild en það á við þegar eignarhald er meira en 20% en minna en 50% (Stefán Svavarsson, 2007). Um hlutdeildaraðferð er fjallað í 41. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum IAS 24.

Viðskiptavild getur líka falist í verðmati fyrirtækis sem myndast hefur innan þess. Hún verður þá til í rekstri fyrirtækisins og endurspeglast í virði þess. Þá er um að ræða innbyggða viðskiptavild (e. internally generated goodwill) en ekki keypta. Stjórnendur fyrirtækja hafa barist hörðum höndum við að byggja upp þessa góðu og sterku en óáþreifanlegu eign en hún er ekki aðgreinanlegt verðmæti sem fyrirtækið stjórnar og

ekki er unnt að meta hana á kostnaðarverði með áreiðanlegum hætti. Hana má því ekki eignfæra enda hefur hún ekki verið keypt. Af þessum sökum getur markaðsvirði fyrirtækja verið miklu hærra en bókfært verð eigin fjár sem stafar þá af vanmati á þessum óáþreifanlegu verðmætum sem ekki eru bókfærð. Mjög mikilvægt er að átta sig á því að viðskiptavild sem skapast í fyrirtæki án þess að um kaup sé að ræða er því ekki færð til eignar (Stefán Svavarsson, 2007).

2.2 Viðskiptavild

Fjárhæð viðskiptavildar ræðst af því matsvirði eða gangvirði sem miða á við fyrir einstaka liði efnahagsreiknings. Of lágt mat á einstökum liðum efnahagsreikningsins leiðir til of hás mats á viðskiptavild. Jákvæð viðskiptavild (e. Purchased goodwill) er óefnislegt verðmæti sem unnt er að aðgreina frá öðrum eignum. Þetta gildir almennt um allar óefnislegar eignir, svo sem einkaleyfi, höfundarrétt, útgáfurétt og svo framvegis. Viðskiptavildin er þó frábrugðin öðrum óefnislegum verðmætum að því leyti að hún verður ekki aðskilin frá öðrum eignum og seld ein og sér heldur aðeins sem hluti af heild (Stefán Svavarsson, 2007). Keypta viðskiptavild skal eignfæra og þar sem viðskiptavildin ein og sér skilar ekki sjóðstreymi skal henni síðan úthlutað á þær rekstrareiningar sem henni tengjast. Komum nánar að því í kafla 3.1.3.1 um útdelingu viðskiptavildar.

2.2.1 Kostnaðarvirði – matsvirði - gangvirði

Áður en lengra er haldið skulum við skoða aðeins skilgreiningar á kostnaðarvirði, matsvirði og gangvirði. Í reikningsskilum hefur verið meginregla að meta eignir á kostnaðarverði eða afskrifuðu kostnaðarverði þar til þær eru seldar eða innleystar. Samkvæmt 29. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 telst kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstanda af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun. Skilgreiningu á hugtakinu matsvirði er fremur ábótavant og er hana ekki að finna í lögum um ársreikninga þrátt fyrir að hugtakið komi þar fram. Skilgreining á hugtakinu er hins vegar í lögum um tekjuskatt og er það þar tengt við matsverð á eignum. Í bráðabirgðaákvæðum kafla XXXVI í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt kemur fram að matsverð sé mat á eignum / verðmætum er byggist á mati sem unnið er af óháðum matsaðila. Síðan er það skilgreiningin á gangvirði sem er að finna í 37. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. og er gangvirði sú fjárhæð sem hægt er að fá þegar eign er skipt

eða skuld gerð upp í viðskiptum milli upplýstra, viljugra og óskyldra aðila. Samkvæmt 2. mgr. skal gangvirði ákvarðað með tilliti til:

1. Markaðsverðs þeirra fjármálagerninga sem eru á virkum markaði
2. Markaðsverðs undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef viðkomandi fjármálagerningur er ekki skráður á markaði
3. Virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum matslíkönum eða matsaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík matslíkön og matsaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði

Í 3. mgr. sömu laga kemur síðan fram að ef ekki er hægt að meta þessar eignir eða skuldbindingar til gangvirðis samkvæmt framangreindum aðferðum skal matið byggjast á kostnaðarverði skv. 29. gr.

Þó að í reikningsskilum hafi það verið meginregla að meta eignir á kostnaðarverði hefur það í mörgum tilfellum breyst með tilkomu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS) og hugtakið gangvirði (e. fair value) tekið við.

2.2.2 Neikvæð viðskiptavild

Sjaldséð er að myndast geti neikvæð viðskiptavild (e. Bargain purchase) en það getur þó gerst. Því er eins háttáð með neikvæða viðskiptavild sem og jákvæða að hún getur myndast við samruna tveggja fyrirtækja. Neikvæð viðskiptavild myndast þegar kaupverðið er lægra en matsvirði eigna. Ástæður sem geta legið að baki því að fyrirtæki greiði lægra verð en það sem nemur matsvirði eigna geta sem dæmi legið í neikvæðu umtali um fyrirtækið, pólitískum þrýstingi sem leiðir að fyrirséðum neikvæðum lagaákvæðum er varða fyrirtækið og kannski einna helst ef um er að ræða nauðungarsölu sem verður oftast við óákjósanlegar aðstæður þar sem seljandi ræður ekki ýkja miklu um kaupverðið. Einnig er mögulegt að einfaldlega hafi rangt mat verið lagt á aðgreinanlegar eignir fyrirtækisins en samkvæmt IFRS 3 er krafist endurmats á eignunum til að ganga úr skugga um að svo sé ekki. Neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Bæði samkvæmt IFRS 3 og ársreikningalögum skal tekjufæra mismuninn sem nemur neikvæðri viðskiptavild þótt munur sé á. Samkvæmt IFRS 3 skal færa neikvæðu viðskiptavildina alla strax til tekna en samkvæmt

ársreikningalögum skal neikvæð viðskiptavild tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.

Áður en lengra er haldið og við skoðum hvernig viðskiptavildin er meðhöndluð í bókhaldinu eftir að búið er að eignfæra hana og hvert lagaumhverfið er í kringum hana skulum við skoða söguna á bakvið viðskiptavildina.

2.3 Saga viðskiptavildar

Hér á eftir verður fjallað um lagaumhverfið sem snýr að viðskiptavildinni og beitingu hennar. Ársreikningalög hafa breyst en þó ekki jafn títt og alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IFRS). Eins og áður hefur komið fram breyttust reikningsskil skráðra félaga mjög mikið með innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastanna (IFRS). Fyrirbærið viðskiptavild er tiltölulega nýtt í íslenskum ársreikningalögum en það var ekki fyrr en árið 2003 sem orðið kom fyrst inn í ársreikningalögin, í ákvæði um kaupaðferð við gerð samstæðureikninga (lög nr. 56/2003) og einnig í ákvæði um hlutdeildaraðferð (lög nr. 45/2005). Þessi ákvæði hafa síðan haldist óbreytt í ársreikningalögnum (lög nr. 3/2006).

En lögin eru lifandi lærdómur og taka tíðum endurbótum sem allar eru, ásamt nýjum stöðlum sem Evrópusambandið innleiðir, innleiddar í íslensk lög.

Hægt er að skipta alþjóðlegri reikningsskilameðferð á viðskiptavild í þrjú tímabil:

- Fyrir árið 1998 var viðskiptavild gjaldfærð.
- Á tímabilinu frá 1998 til 2005 var viðskiptavild eignfærð og afskrifuð. Sú afskrift hefur ávallt verið línuleg og afskriftartíminn frá fimm árum og upp í 40 ár.
- Eftir 2005 er viðskiptavild eignfærð og skylt er að gera svonefnt virðisrýrnunarpróf
(Erling Tómasson, 2009).

Komið var inn á það fyrr í ritgerðinni að keypt viðskiptavild birtist í efni reikningsskila á þrennan hátt og var í fyrsta lagi nefnt þegar eitt fyrirtæki kaupir annað eða rekstur annars fyrirtækis og fellir inn í eigin rekstur með samruna. Hægt er að beita tvenns konar aðferðum við að semja samstæðureikninga og eru þær nefndar kaupaðferð og samlegðaraðferð. Gott er að gera þessum aðferðum skil til að skilja betur söguna á bak viðskiptavildina.

2.3.1 Kaupaðferð

Við beitingu kaupaðferðar (e. Acquisition method) eru eignir og skuldir hins keypta fyrirtækis verðmetnar á markaðsvirði, þ.e. notað er kaupverð.

Skilgreining á kaupaðferðinni samkvæmt 79. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er:

Ef samstæða er stofnuð með yfirtöku á félagi skal miðað við matsverð einstakra liða í efnahagsreiknings á yfirtökudegi í samstæðureikningi. Mismunur á matsverði og bókfærðu verði skal afskrifaður með sama hætti og þeir liðir sem hann byggist á. Hlutdeild móðurfélags í dótturfélagi, sbr. 3. mgr., skal jafnað út á móti hreinni eign dótturfélags.

Mismunur, sem eftir stendur þegar færð hefur verið leiðrétting vegna einstakra liða í efnahagsreikningi, sbr. 1. mgr., telst viðskiptavild. Jákvæð viðskiptavild færist sem sérstakur liður meðal eigna en neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Viðskiptavild skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 24. gr. Neikvæð viðskiptavild skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.

Hlutir dótturfélags í móðurfélagi skulu færðir sem eigin hlutir í samstæðunni (Lög um ársreikninga nr.3/2006).

Allt það sem eftir stendur eftir að búið er að færa leiðréttingu á eignum skráðum á efnahagsreikningi er viðskiptavild og skal hana samkvæmt lögunum afskrifa á ákveðnu tímabili.

2.3.2 Samlegðaraðferð

Við beitingu samlegðaraðferðar (e. Pooling of interest method) er kaupverð ekki notað heldur er bókfært verð hins keypta fyrirtækis notað áfram.

Skilgreining á samlegðaraðferðinni samkvæmt 80. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er:

Með samlegðaraðferð er samstæðureikningur lagður fram fyrir reikningstímabilið þegar samlagningin á sér stað eins og félögin hefðu verið lögð saman frá og með upphafi tímabilsins. Við beitingu samlegðaraðferðarinnar eru einstakir liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði.

Samanburðarfrjárhæðir, sem sýndar eru í samstæðureikningi, skulu einnig vera fyrir félögin samanlögð eins og um samstæðu hafi verið að ræða frá upphafi fyrsta reikningstímabils sem sýnt er. Mismunurinn á frjárhæð sem skráð er sem hlutafé ásamt yfirgengi, ef um það er að ræða, að viðbættu greiddu kaupverði, ef eitthvað er, og bókfærðu eigin fé dótturfélags skal færður á eigið fé (Lög um ársreikninga nr.3/2006).

Efnahagsreikningar félaganna eru sameinaðir og bókfært virði keypta félagsins notað. Fræðimenn á sviði reikningsskila eru almennt á móti þessari aðferð þar sem með henni er hægt að beita ákveðnum bókhaldsbrögðum og misbeitingu. Aðferðin er ekki talin endurspeglar raunverulegt undirliggjandi verðmat með sameiningu fyrirtækja þar sem eignir og skuldir eru yfirteknar á bókfærðu verði sem getur verið mjög ólíkt gangvirði. Með beitingu aðferðarinnar geta þessi viðskipti leitt til hækkunar á hlutabréfaverði án þess að tilefni sé til (Stefán Svavarsson, 2007).

Fyrir áratug síðan eða svo var sett bann við samlegðaraðferðinni í Bandaríkjunum og var félögum þá skylt að beita kaupaðferðinni. Mikil ósátt ríkti vegna þessa og voru félög og fyrirtæki mjög ósátt með að þurfa að afskrifa viðskiptavildina á 20 árum eins og fram kom í þáverandi alþjóðlegum reglugerðum. Til að koma til móts við þær háværu raddir sem hljómuðu eftir að bannað var að beita samlegðaraðferðinni ákvað bandaríska reikningsskilaráðið að heimila svokallað virðisrýrnunarpróf (e. impairment test). Alþjóðlega reikningsskilaráðið samræmdi reglur sína við reglur þess bandaríska og felldi samlegðaraðferðina út úr lögum og tók einnig upp virðisrýrnunarpróf, þó í frábrugðinni mynd. Nánar verður farið í gerð þessa prófs í kafla 3.1.3. Hér á Íslandi hefur þetta próf gildi fyrir þau félög sem þurfa að hlíta alþjóðlegu reikningsskilareglunum en það gildir um öll félög á Íslandi sem skráð eru á alþjóðlegan markað.

3. Lagaumhverfið

Lög um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRSL) og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS/IAS) mynda ramma sem stjórnendum fyrirtækja ber að vinna eftir við gerð ársreikninga þannig að þeir gefi glögga mynd af afkomu og efnahagi fyrirtækjanna. Alþjóðlegir staðlar eru nauðsynleg hjálpartæki þar sem lagaákvæði eru oft ekki nægjanlega skýr um einstaka liði (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Tilgangurinn er sem sagt ekki að semja reikningsskil í samræmi við reglur, staðla og / eða lög heldur er undirliggjandi, og

það skiptir meira máli, að unnt sé að reiða sig á veittar upplýsingar til að greiða fyrir viðskiptum á markaði (Stefán Svavarsson, 2011).

Í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 kemur orðið viðskiptavild ekki ýkja oft fyrir. Athyglisvert er að sjá að það kemur aðeins átta sinnum fyrir og aðeins í tveim greinum, 41. gr. IV. kafla um matsreglur og 79. gr. VII. kafla um samstæðureikninga. En fyrst skal vikið að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum sem skammstafaðir eru IFRS.

3.1 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS)

Alþjóðavæðing í viðskiptum hefur aukist mjög mikið og algengt er að félög reki eða eigi útibú eða skyld félög í öðrum löndum hvort sem félagið er skráð á alþjóðlegan markað eða ekki. Í ljósi þess hve landamæraskiptingin er óljós í þessum efnum hafa kröfur um samræmingu á reikningsskilastöðlum aukist. Það að félög noti alþjóðlega viðurkennda og samræmda staðla stuðlar að bættri, greiðari og öruggari fjármagnsflutningum milli landa (Sigurður Þórðarson, 2004). Það stuðlar að því að fjármagnsmarkaðurinn verði skilvirkari og hagkvæmari. Upplýsingagjöf fyrirtækja verður áreiðanlegri og fyrirtæki verða samanburðarhæfari milli landa. Þannig er hægt að bera félög saman innbyrðis eftir atvinnugreinum. Notkun staðlanna veitir einnig hluthöfum, fjárfestum og lánadrottnum skýrari og skiljanlegri upplýsingar um rekstur og stöðu félaganna sem verndar fjárfesta til muna og viðheldur trausti á fjármagnsmörkuðum (Lög um ársreikninga nr.3/2006).


Félög löggiltra endurskoðenda víða um heim hafa lengi sýnt þessu málefni áhuga og komu á fót samtökum, alþjóðlegu reikningsskilaráði, skammstafað IASB (e. International Accounting Standards Board) sem semja og gefa út alþjóðlega reikningsskilastaðla, skammstafað IFRS (e. International Financial Reporting Standards). Eldri staðlar sem einnig eru í gildi eru skammstafaðir IAS. Lokatakmarkið er að setja fram eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem nota má um heim allan, í viðskiptum yfir landamæri eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamarkaði (Lög um ársreikninga nr.3/2006).

Með samþykki reglugerðar nr. 181/2006 fengu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, lagalegt gildi hér á landi enda var reglugerðin felld inn í EES-samninginn. Frá 1. janúar 2005 varð því íslenskum fyrirtækjum sem birta

samstæðureikningsskil og eru í kauphöll Íslands (OMX Iceland) og hafa þar af leiðandi hlutabréf eða skuldabréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði (kauphöllum innan Evrópusambandsins) skylt að semja ársreikninga í samræmi við IFRS.

Ársreikningaskrá er eftirlitsaðili alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á Íslandi skv. 94. gr. laga um ársreikninga, hún heldur utan um skráningar á ársreikningum fyrirtækja og veitir einnig heimild til beitingar á IFRS stöðlunum. Á línuritinu hér fyrir neðan (sjá mynd 1) má sjá hversu mörg fyrirtæki á Íslandi leggja fram ársreikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglunum. Krafa er um að fyrirtæki beiti IFRS samfleytt í minnst fimm ár skv. 2. mgr. 92. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Fyrirtækjum er ekki heimilt að lýsa því yfir að reikningsskil séu gerð í samræmi við IFRS nema þau séu að öllu leyti í samræmi við IFRS staðla og túlkanir skv. 93. gr. sömu laga. Félög sem beita IFRS skulu í áritun endurskoðenda og skýringum um reikningsskilaaðferðir vísa til IFRS eins og Evrópusambandið samþykkir þá (Lög um ársreikninga nr.3/2006).

Mynd 1. Fjöldi félaga á Íslandi sem beittu alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum á tímabilinu 2004-2011



(Ársreikningaskrá, e.d.)

Á mynd 1 sést að árið 2005, þegar tilskipunin var fyrst leidd í lög, voru 127 fyrirtæki með IFRS til samanburðar við 85 fyrirtæki árið 2010. Fjölgun var á árunum 2005-2007 sem náði hámarki árið 2007 þegar 170 fyrirtæki notuðust við IFRS.

Ekki eru þar með talin öll félögin sem skráð eru með hlutabréf eða skuldabréf sín á verðbréfamarkaði því dótturfélögum og félögum innan sömu samstæðu sem skráð eru á verðbréfamarkað er heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS staðlana.

Ástæður félaga fyrir að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS staðlana eru tilgreindar í ársreikningaskrá og geta meðal annars verið:

- Dótturfélag félags með skráð skuldabréf
- Dótturfélag heimild
- Dótturfélag skráðs félags
- Móðurfélag/félag heimild
- Móðurfélag/félag með skráð skuldabréf
- Móðurfélag/félag skráð
(Ríkisskattstjóri, e.d.).

Einnig geta félög sem hvorki hafa skráð hlutabréf né skuldabréf í kauphöll óskað eftir að fá að innleiða reikningsskilastaðlana. Félög sem starfa í alþjóðlegu umhverfi geta notið góðs af því að innleiða staðlana, meðal annars vegna þess að reikningsskil verða samræmdari með notkun á sömu reikningsskilareglum innan félagasamstæðu. Samanburður á félögum verður betri og þar sem IFRS staðlarnir eru alþjóðlegir er þekking á þeim til staðar hjá erlendum fjárfestum og lánastofnunum sem eykur aðgang að erlendu fjármagni (Deloitte, 2011).

Fækkunina frá árinu 2007 samkvæmt mynd 1 á skráðum félögum sem beita IFRS stöðlunum má eina helst rekja til efnahagskreppunnar og fjölda gjaldþrota fyrirtækja í kjölfar hennar. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um fjölda gjaldþrota fyrirtækja má árið 2011 búast við enn meiri fækkun þeirra félaga sem nota IFRS en samkvæmt Hagstofu Íslands urðu 1.578 félög gjaldþrota árið 2011 (Hagstofa Íslands, e.d.).

Hér á eftir verður fjallað um þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem tengjast viðskiptavild á einhvern hátt. Staðallinn IFRS 3 fjallar um sameiningu fyrirtækja og IAS 38 fjallar um óefnislegar eignir en aðaláherslan verður á IAS 36 sem fjallar um færslu viðskiptavildar, virðisrýrnun hennar og framkvæmd virðisrýrnunarprófs. Takmörkuð umfjöllun er um þessa liði í ársreikningalögum og lítum við því einnig á þau, samanber 79. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

3.1.1 IFRS 3 Sameining fyrirtækja

IFRS 3 reikningsstaðallinn fjallar um sameiningu fyrirtækja (e. Business Combinations).

Mynd 2. Ferli sem fylgir sameiningu fyrirtækja og úthlutun á viðskiptavild.



(Benedikt K. Magnússon, 2006)

Þau félög sem hafa tekið upp IFRS staðlana í reikningsskilum eiga að beita IFRS 3 við kaup og / eða sameiningu félaga. Endurbætur voru gerðar á staðlinum sem tóku gildi 1. júlí 2010 og fjalla þær um mat á hlutdeild minnihluta, niðurfellda og endurnýjaða kaupréttarsamninga og breytingar á kröfum um óvisst gagngjald vegna sameiningar (IFRS 3). Ferli sem reikningsstaðlinum fylgir má sjá á einfaldan hátt á mynd 2.

Sameining félaga er þegar kaupandi öðlast yfirráð yfir einni eða fleiri rekstrareiningum. Með rekstrareiningu er átt við starfsemi eða eign sem unnt er að stjórna í þeim tilgangi að skila fjárfestum, öðrum eigendum eða þátttakendum arði. Staðallinn gildir því ekki um kaup á eign eða eignasafni sem ekki telst vera rekstrareining. Meginregla staðalsins er sú að kaupandi rekstrareiningar færir eignir og skuldir á gangvirði á kaupdegi og setur upplýsingarnar þannig fram í skýringum að notendur reikningsskilanna geti metið eðli og fjárhagsleg áhrif kaupanna (IFRS 3).

Samlegðaraðferðin (e. poolings of interest method) sem rakin var í kafla 2.3.2 og notuð er við gerð samstæðureikningsskila er ekki heimiluð í staðlinum heldur má einungis við alla sameiningu nota kaupaðferðina (e. acquisition method) sem fjallað var um í kafla 2.3.1. IFRS 3 gildir ekki um samrekstur (e. joint venture), sameiningu félaga og eininga undir sameiginlegum yfirráðum (e. common control) (IFRS 3).

3.1.1.1 Kaupverð

Kaupverð er einn liður í IFRS 3 staðlinum sem mikilvægt er að átta sig á. Grunnþættir kaupaðferðarinnar eru: Í fyrsta lagi að taka skýrt fram hver kaupandinn er (e. acquirer) því oft er slíkt ekki augljóst þegar tvö áþekk félög sameinast og einnig er mikilvægt að tilgreina sameiningardag. Í öðru lagi að meta kaupverð og fjallar IFRS 3 einnig ítarlega um hvernig að því skuli staðið. Öllu máli getur skipt að meta kaupverðið rétt og það á að

gera með gangverði á viðskiptadegi (ekki yfirtökudegi) á þeim verðmætum sem látin eru af hendi í staðinn fyrir yfirráð yfir hinu yfirtekna félagi (greiðsla / yfirteknar skuldir / útgæfin hlutabréf). Einnig er allur kostnaður sem fellur til við kaupin (t.d. sölu-, sérfræði- eða ráðgjafarkostnaður og innri kostnaður) færður til gjalda í rekstrarreikningi fyrir utan kostnað við útgáfu á skuldabréfum eða hlutabréfum. Í þriðja lagi er gerð kaupverðsútteiling (IFRS 3).

Skoðum einfalt dæmi um hvernig kaupverð er fundið út með IFRS 3 staðlinum. Gefum okkur að fyrirtæki A kaupi fyrirtæki B og er uppgæfið kaupverð ein milljón, 300 þúsund eru greidd í peningum en 700 þúsund með nýju hlutafé í A. Nafnverð bréfanna er 100 á genginu 7. Kostnaður sem féll til vegna þessara viðskipta er:

- Kostnaður við útgáfu nýs hlutafjár = 10.
- A lét gera áreiðanleikakönnun á verðmati B og greiddi fyrir það = 50.
- 300 þúsundin sem greidd voru með peningum voru fengin með útgáfu skuldabréfs og var kostnaður við skráningarlýsingu og þóknun til lánastofnunar = 25.

Kaupverðið samkvæmt IFRS 3 staðlinum er þá = 1.050.- (Erling Tómasson, 2009). Ekki eru teknir inn í kaupverðið þeir liðir sem snúa að því hvernig fjármagn fyrir kaupunum er útvegað, það er að segja kostnaðurinn sem fellur til við það.

3.1.1.2 Kaupverðsútteiling

Það sem átt er við með kaupverðsútteilingu (e. purchase price allocation) er að kaupverðinu er deilt út á undirliggjandi eignir og skuldir í hinu yfirtekna félagi. Við það er horft til gangvirðis nettóeigna hins yfirtekna félags og flokkast mismunur þess gangvirðis og bókfærðs virðis sem yfirverð viðkomandi liða (IFRS 3). Yfirverðinu sem greitt var umfram eigin fé í hinu keypta félagi er síðan deilt niður á þrjá þætti. a) Vanmat á bókfærðri stöðu efnislegra eigna. b) Óefnislegar eignir. c) Viðskiptavild (Birkir Böðvarsson, 2009). Mismunurinn sem eftir stendur þegar búið er að gera einstakar leiðréttingar á efnahagsreikningnum telst vera viðskiptavild (Lög um ársreikninga nr.3/2006). IFRS 3 staðallinn tekur mjög ítarlega á kaupverðsútteilingu og þar kemur fram að ekki eigi eingöngu að horfa til þeirra eigna / skulda sem standa í efnahagsreikningi heldur eigi að deila kaupverðinu á þær óefnislegu eignir sem

staðallinn tekur á en oftast eru það óefnislegar eignir sem ekki hafa bókfært verð í efnahagsreikningum.

Skoðum einfalt dæmi: Gefum okkur að fyrirtæki A kaupi 100% hlut í fyrirtæki B. Kaupverðið er ein milljón. Bókfært verð nettóeigna B er 100 þúsund. B fékk á sínum tíma úthlutað aflaheimildum sem ekki koma fram í efnahagsreikningi. Gefum okkur að miðað við gildandi markaðsverð aflaheimildanna sé heildarverðmæti þeirra 800 þúsund. Samkvæmt IFRS 3 staðlinum á að deila kaupverðinu á allar óefnislegar eignir, ekki bara þær sem standa í efnahagsreikningum (aflaheimild er óefnisleg eign en ekki er heimilt að færa hana sem eign í efnahagsreikning fyrirtækja samkvæmt staðlinum). Því yrði viðskiptavildin í þessu dæmi 100 þúsund (Erling Tómasson, 2009). Mjög mikilvægt er að standa vel að framkvæmd kaupverðsútdelingar í upphafi því hún getur haft veruleg áhrif á virðisrýrnunarprófin sem gera á samkvæmt IAS 36 og gerð eru til að meta hvort átt hafi sér stað rýrnun á viðskiptavildinni.

3.1.2 IAS 38 – Óefnisleg eign

IAS 38 staðallinn fjallar um óefnislegar eignir (e. Intangible Assets).

Reikningsstaðallinn lýsir reikningshaldslegri meðferð á óefnislegum eignum sem ekki er fjallað sérstaklega um í öðrum stöðlum IFRS. Þar sem viðskiptavild fellur undir óefnislegar eignir reynir staðallinn í raun að greina á milli þess hvað telst vera viðskiptavild og hvað telst til annarra óefnislegra eigna. IAS 38 krefst þess að félög skrái óefnislega eign, hvort sem hún er keypt eða myndast innan félagsins, ef líklegt er að efnahagslegur framtíðarávinningur, sem rekja má til eignarinnar, renni til félagsins og að unnt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Viðbótarskilyrði eru vegna færslu óefnislegrar eignar sem myndast innan félagsins og á þetta atriði til dæmis ekki við um viðskiptavildina því fram kemur í staðlinum að ekki skal færa viðskiptavild, vörumerki, útgáfutitla, viðskiptamannaskrár, stofnkostnað eða auglýsingakostnað sem myndast innan félagsins sem óefnislegar eignir. IAS 38 gerir greinarmun á líftíma eignanna sem hefur efnahagslegan framtíðarávinning og er skráður í reikningslegum tilgangi með óskilgreindan líftíma þar sem engin fyrirséð takmörkun er á tímabili og skilgreindum líftíma þar sem tímabil er takmarkað. Viðskiptavild flokkast sem eign með óskilgreindan líftíma og samkvæmt IAS 38 eru óefnislegar eignir með óskilgreindan líftíma ekki afskrifaðar. Þess í stað skal beita virðisrýrnunarprófi á

eignirnar árlega og / eða strax og vísbending er um að bókfært verð sé hærra en endurheimtanlegt virði samkvæmt IAS 36. Óefnislegar eignir skulu færðar samkvæmt kostnaðaraðferð eða endurmatsaðferð (IAS 38).

3.1.2.1 Kostnaðaraðferð

Samkvæmt kostnaðaraðferðinni er óefnisleg eign metin á upphaflegu kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum og virðisrýrnun (IAS 38).

3.1.2.2 Endurmatsaðferð

Samkvæmt endurmatsaðferðinni er eignin færð á endurmetnu virði en það er gangvirði á endurmatsdegi að frádrögnum uppsöfnuðum fyrningum eða virðisrýrnun. Skilyrði fyrir því að beita endurmatsaðferðinni eru að eignin hafi markaðsverð á skilvirkum markaði. Gera þarf endurmat reglulega og það mat sem leiðir til hækkunar er fært á eigið fé. Endurmat sem leiðir til lækkunar er fært á móti endurmatshækkun, lækkanir umfram áður fært endurmat eru færðar í rekstrarreikning. Þegar endurmetin eign er seld eða úreld er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé en ekki í rekstrarreikning (IAS 38).

3.1.3 IAS 36 – Virðisrýrnun eigna

Reikningsstaðallinn IAS 36 fjallar um virðisrýrnun eigna (e. Impairment of Assets).

Helsta breytingin sem fylgdi í kjölfar innleiðingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna fólst í því að nú er skylt að eignfæra viðskiptavild þegar viðskipti eiga sér stað og gera virðisrýrnunarpróf samkvæmt reikningsskilastaðli IAS 36. Markmiðið með staðlinum er að ganga úr skugga um að eignir, svo sem viðskiptavild, séu ekki skráðar á hærra verði í bókhaldi félaga en sem nemur endurheimtanlegu virði (e. recoverable amount). Skilgreining á endurheimtanlegu virði er að það sé nokkurs konar skilavirði eignar sem getur annaðhvort verið nýtingarvirði hennar (e. value in use) eða gangvirði (e. fair value) og er það sem reynist hærra notað (Stefán Svavarsson, 2007).

IAS 36 staðallinn tekur einnig á því hvernig reikna skal út virðisrýrnun eigna. Bakfærsla virðisrýrnunar er leyfð í ákveðnum tilvikum en aldrei vegna viðskiptavildar (IAS 36). Áður en við skoðum hvernig beita skal virðisrýrnunarprófi skulum við skoða hvernig standa á að úthlutun viðskiptavildar.

3.1.3.1 Úthlutun viðskiptavildar

Í IAS 36 staðlinum kemur fram að deila á viðskiptavild út á þær fjárskapandi einingar (e. Cash Generating Unit) sem stjórnendur vænta að muni njóta samlegðar af kaupunum og / eða sameiningunni. Fjárskapandi eining er minnsti, skilgreinanlegi eignaflokkur sem skilar innstreymi handbærs fjár sem er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum. Virðisrýrnunarpróf skal gert á lágsta þrepi innan félagsins að því gefnu að sú fjárskapandi eining sem deilt er út á megi aldrei vera stærri en starfsþáttur (e. segment) en starfsþáttur er skilgreindur sem hluti af einingu. Almenn er útdeiling viðskiptavildar tiltölulega einföld, þegar félag kaupir aðra rekstrareiningu er viðskiptavildin tengd þeirri einingu en svo einfalt er það nú ekki alltaf. Hafa verður í huga að ef rekstrareiningin sem keypt var er brotin upp í nokkra starfsþætti getur málið vandast verulega. Útdeilingin skal vera í samræmi við starfsþáttayfirlit sem félögum er skylt að birta samkvæmt IFRS. Ef því er ekki fylgt, það er að segja ef röng úthlutun á sér stað, getur það leitt til þess að gjaldfæra þurfi viðskiptavildina með virðisrýrnun og skiptir þá engu máli þótt aðrar rekstrareiningar séu metnar yfir bókfærðu verði. Þessi upphaflega útdeiling þarf að klárast eigi síðar en í lok næsta rekstrarárs á eftir kaupári (IAS 36).

Hér að neðan er dæmi um félag sem kaupir annan rekstur, til verður einhver ákveðin viðskiptavild og er henni síðan úthlutað samkvæmt mati stjórnenda á viðkomandi fjárskapaandi rekstrareiningar sem við gefum okkur að séu fjórar. Það skal gert í samræmi við væntingar um hagnað sem einingarnar munu skila í framtíðinni en viðskiptavild er í raun sá hagnaður er varðar framtíðarreksturinn. Almenn má búast við að viðskiptavild sé ekki til staðar í einu og sama fyrirtækinu til lengri tíma litið (t.d. 20 ára) því umframhagnaður hlýtur að fjölga þátttakendum á markaði og þar með dvínar viðskiptavildin ef hún hverfur þá ekki alveg (Stefán Svavarsson, 2007).

Tafla 1. Virðisrýrnunarpróf 1

| | Útdeiling á VV. | Virðisrýrnunarpróf nr. 1 | Mismunur | Niðurstaða |
|----------|-----------------|--------------------------|----------|-----------------------|
| Eining 1 | 100 | 120 | 20 | |
| Eining 2 | 20 | 24 | 4 | |
| Eining 3 | 400 | 480 | 80 | |
| Eining 4 | 150 | 180 | 30 | |
| | 670 | 804 | | => Engin virðisrýrnun |

Tafla 2. Virðisrýrnunarpróf 2

| | Útdeiling á VV. | Virðisrýrnunarpróf nr. 2 | Mismunur | Niðurstaða |
|----------|-----------------|--------------------------|----------|-----------------|
| Eining 1 | 100 | 120 | 20 | |
| Eining 2 | 20 | 24 | 4 | |
| Eining 3 | 400 | 200 | -200 | => Virðisrýrnun |
| Eining 4 | 150 | 550 | 400 | |
| | 670 | 894 | | |

Í töflu 1 má sjá að gert er virðisrýrnunarpróf og er útkoman úr því í heild hærra en upphafleg útdeiling. Þá verður niðurstaðan sú að engin virðisrýrnun hefur átt sér stað. Í töflu 2 er komið að öðru virðisrýrnunarprófi sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að virðisrýrnun hefur átt sér stað í rekstrareiningu 3. Samkvæmt IAS 38 má beita endurmatsaðferð á óefnislegar eignir en aðeins ef eign hefur markaðsverð á skilvirkum markaði eins og fram kom hér á undan. Að öðrum kosti skal færa viðskiptavildina niður sem nemur mati virðisrýrnunar reynist það lægra en bókfært virði eða upphafleg útdeiling.

Eins og fram kemur í kafla 3.1.1.2 er mjög mikilvægt að staðið sé rétt að útdeilingu kaupverðs því röng útdeiling leiðir til þess að bókfært verð viðskiptavildar verður hærra en niðurstaða virðisrýrnunarprófs sem gera á samkvæmt IAS 36. Skoðum nú virðisrýrnunarprófið aðeins nánar en það er mjög víðtækt og getur verið snúið í framkvæmd.

3.1.3.1. Virðisrýrnunarpróf


Virðisrýrnunarprófið (e. impairment test) er verðmat á viðskiptavild félaga. Prófið byggist á framtíðarsjóðstreymi félags sem er núvirt með ávöxtunarkröfu (e. Weight average cost of capital, WACC). Því lægri sem ávöxtunarkrafan er því hærra verður núvirt sjóðstreymi á móti. Ef verðmatið sem prófið byggist á er hærra en bókfært virði eignarinnar skal bókfært virði standa óbreytt í bókum félagsins og þá er ekki um neina virðisrýrnun að ræða. Ef verðmatið reynist hins vegar lægra en bókfært virði þá skal færa niður bókfært virði með afskriftum sem því nemur og þá er um að ræða virðisrýrnun á viðskiptavildinni (IAS 36). „Ekki er í virðisrýrnunarprófum sem framkvæmd eru gerður greinarmunur á því fjárflæði sem gert var ráð fyrir þegar rekstrareiningin var keypt, og fjárstreymi sem stafar af annarri starfsemi eða vegna nýfjárfestinga“ (Birkir Böðvarsson, 2009).

Eins og fram kom í kafla 3.1.2 um IAS 38 skal árlega beita virðisrýrnunarprófi á eignirnar og / eða strax og vísbending er um að bókfært verð sé hærra en endurheimtanlegt virði. Við mat á því hvort vísbendingar séu um að virði eignar kunni að hafa rýrnað skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga, bæði hvað varðar ytri og innri upplýsingar:

- ✓ Hefur markaðsverð eignar lækkað mikið.
- ✓ Hafa orðið verulegar breytingar sem hafa neikvæð áhrif á eininguna, s.s ytri upplýsingar um efnahagslegar, lagalegar eða markaðslegar breytingar, innri breytingar, s.s. nýtingartími, áætlanir um stöðvun eða endurskipulagningu rekstrar.
- ✓ Hafa markaðsvextir hækkað og mun hækkunin líklega hafa áhrif á afvöxtunarstuðulinn (stuðul sem endurspeglar núverandi markaðsmat á tímavirði peninga og áhættuna sem fylgir eigninni) sem notaður er til að reikna notkunarvirði eignar og lækka endurheimtanlega fjárhæð eignar.
- ✓ Er fyrir séð að efnahagslegur árangur eignar sé eða muni verða verri en vænst hafði verið af eigninni.

„Endurskoðun virðisrýrnunarprófa hefur í mörgum tilfellum reynst vera erfið enda flókið viðfangsefni: Það er verið að vinna með matskennda hluti og grundvöllurinn byggir að verulegu leyti á framtíðar áætlunum, en ekki sögulegum viðskiptum“ (Birkir Böðvarsson, 2009). Sjá ferli á mynd 3.

Mynd 3. Ferli virðisrýrnunarprófs



Endurskoðunardagur FLE 2009

Deloitte.

(Birkir Böðvarsson, 2009)

Virðisrýrnunarprófið má gera hvenær sem er á árlegu tímabili að því tilskildu að það sé gert á sama tíma ár hvert en að öllu jöfnu eru þessi árlegu virðisrýrnunarpróf gerð í árslok. Í staðlinum kemur fram að endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir fjárskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði. Við mat á því er stuðst við vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Fjárstreymið skal áætlað í samræmi við rauntölur og rekstraráætlanir næstu fimm ára. Til grundvallar við gerð rekstraráætlana þurfa að liggja fyrir áætlanir um afkomu félaganna sem og rauntölur fyrri ára. Eftir spátímabilið skal gert ráð fyrir föstum framtíðarraunvexti við útreikning á hrakvirði. Rekstraráætlanir eru yfirfarnar og samþykktar af stjórn félaga. Virðisrýrnunarprófin eru gerð á grundvelli fyrirliggjandi gagna og þeirra aðstæðna sem uppi eru hverju sinni. Þannig eru prófin að mörgu leiti byggð á huglægu mati stjórnenda á því hvað undirliggjandi eignir munu skapa í framtíðinni.

Æskileg uppbygging virðisrýrnunarprófa:

1. Umfjöllun um uppruna yfirverðs
2. Umfjöllun um greiningu og mat á óefnislegum eignum
3. Umfjöllun um úthlutun viðskiptavildar ásamt yfirliti yfir efnahagsreikning / eigið fé sem þarf að meta
4. Breytingar á efnahagsreikningi / tilfærslur á viðskiptavild eða eignum innan samstæðu frá fyrstu úthlutun (ef við á)
5. Samanburður á áætlunum og rauntölum ásamt útskýringum ef til verulegra frávika hefur komið
6. Fjárhagsáætlun ásamt forsendum
7. Framsetning verðmatslíkans og niðurstaða prófs
8. Næmisgreining
9. Útskýring á útreikningi ávöxtunarkröfu og upplýsingar um heimildir

(Benedikt K. Magnússon, 2006)

3.1.3.2 Hverjir framkvæma virðisrýrnunarprófin?

Flestöll endurskoðendafyrirtæki bjóða upp á þá þjónustu að gera virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild fyrir fyrirtæki til samræmis við alþjóðlega reikningskilastaðalinn IAS 36. Markmiðið með prófinu er eins og áður kom fram að skoða hvort notkunarvirði eignarinnar hafi rýrnað. Mikilvægt er að framkvæmd virðisrýrnunarprófsins sé rétt. Endurskoðendur verða að vera með öllu óháðir, þeir mega ekki sjálfir framkvæma prófin heldur er hlutverk þeirra að endurskoða þau. Þeir eiga að sjá til þess að sá sem framkvæmir prófið sé óháður aðili og að hann hafi góða þekkingu á staðlinum og verðmatsfræðum (Benedikt K. Magnússon, 2006).

Endurskoðun virðisrýrnunarprófa hefur í mörgum tilfellum reynst erfið enda flókið viðfangsefni og upp geta komið ýmis vandkvæði við framkvæmd prófanna. Vandamál við endurskoðun prófanna geta meðal annars falist í að:

- ✓ Ekki var gerður greinarmunur á mismunandi sjóðskapandi einingum í kaupverðsútdeilingunni
- ✓ Ekki var gerður greinarmunur á milli mismunandi tegunda óefnislegra eigna, sérgreindrar viðskiptavildar og ósérgreindrar viðskiptavildar
- ✓ Efnislegar eignir voru ekki metnar rétt

- ✓ Ekki var í virðisrýrnunarprófum sem framkvæmd voru gerður greinarmunur á því fjárflæði sem gert var ráð fyrir þegar rekstrareiningin var keypt og fjárstreymi sem stafar af annarri starfsemi eða nýfjárfestingu
- ✓ Ekki er jafnvægi í forsendum um WACC og framtíðaráætlunum

Ef upphaflega er faglega staðið að kaupverðsútdeilingu ætti ekki að vera hætta á virðisrýrnun nema eitthvað gerist í rekstri þess félags sem keypt var. Ein leið til bóta við virðisrýrnunarpróf er að í framtíðinni skuli byggja prófin á upphaflegri kaupverðsútdeilingu (Birkir Böðvarsson, 2009).

3.2 Lög um ársreikninga nr.3/2006 (ÁRSL)

Lög nr. 3/2006 um ársreikninga, skammstafað ÁRSL.

Með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur innan Evrópusambandsins og innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna hefur lögum um ársreikninga tvívegis verið breytt. Upphafleg lög nr. 144/1994 voru síðar endurútgefin sem lög nr. 3/2006 og þá með innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins (EB) nr. 1606/2002 í heild sinni. Kafli VIII inniheldur 88.–95. gr. og fjallar um skyldu, heimild, skráningu, eftirlit, dagsektir, úrskurði og gjaldskyldu er varðar alþjóðlegu reikningsskilastaðlana.

Í ÁRSL koma fram kröfur um gerð ársreikninga og í 5. gr. kemur fram tilgangur laganna sem hljóðar svo:

Ársreikningar skulu samdir í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á, og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Ef ákvæði laga nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1. mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.

Samkvæmt þessu má segja að ef skýrleiki ÁRSL er ekki nægjanlegur og tekur ekki á tilteknu atriði sé rétt á grundvelli þessarar greinar að líta til IFRS staðlanna (Erling Tómasson, 2009). En kíkjum aðeins á samanburð á nokkrum liðum í ÁRSL og IFRS er varða viðskiptavild og efni tengt henni.

3.2.1 Samanburður á ÁRSL og IFRS

Eins og áður kom fram er í ársreikningalögum takmörkuð umfjöllun um viðskiptavild og hvernig taka skal á henni. Í lögum er ekkert fjallað um útteilingu viðskiptavildar á sjóðskapandi einingar en slík útteiling er gríðarlega mikilvæg þegar kemur að því að meta viðskiptavild með tilliti til virðisrýrnunar.

Í 41. gr. ÁRSL er fjallað um hlutdeildaraðferð (e. equity method) sem beitt er ef eignarhald á kaupverði hlutabréfa er meira en 20% en minna en 50% en viðskiptavild getur einnig verið fólgin í því kaupverði. Ekki verður farið nánar í þá aðferð í þessari ritgerð en IAS 24 staðallinn í IRFS fjallar um upplýsingar um tengda aðila og er tilgangur hans að tryggja að reikningsskilin feli í sér allar nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að meta möguleg áhrif tengdra aðila á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félags (Deloitte, 2011).

Kaupaðferð (e. acquisition) skal beitt við gerð samstæðureiknings samkvæmt 78. gr. ÁRSL en fram kemur að þó megi beita samlegðaraðferðinni (e. pooling of interest method) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Með samlegðaraðferð er samstæðureikningur lagður fram fyrir reikningstímabilið þegar samlagningin á sér stað eins og félögin hefðu verið lögð saman frá og með upphafi tímabilsins. Við beitingu samlegðaraðferðarinnar eru einstakir liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði. ... Mismunurinn á fjárhæð sem skráð er sem hlutafé ásamt yfiringi, ef um það er að ræða, að viðbættu greiddu kaupverði, ef eitthvað er, og bókfærðu eigin fé dótturfélags skal færður á eigið fé.

Samkvæmt IFRS er samlegðaraðferðin ekki heimiluð og er það í samræmi við bandarísku reglugerðina en einhverra hluta vegna er aðferðin gild í ársreikningalögum skv. 80. gr. ÁRSL þrátt fyrir að almennt sé búið að banna hana.

Um kaupaðferð er fjallað í 79. gr. ÁRSL og þar kemur fram að:

ef samstæða er stofnuð með yfirtöku á félagi skal miðað við matsverð einstakra liða efnahagsreiknings á yfirtökudegi í samstæðureikningi. ... Mismunur, sem eftir stendur þegar færð hefur verið leiðrétting vegna einstakra liða í efnahagsreikningi, sbr. 1. mgr., telst viðskiptavild. Jákvæð viðskiptavild færir sem sérstakur liður meðal eigna en neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Viðskiptavild skal afskrifuð

með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 24. gr. Neikvæð viðskiptavild skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.

Í ÁRSL er einungis um að ræða eina grein innan laganna á meðan í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum er um að ræða heilan staðal. IFRS 3 fjallar um sameiningu fyrirtækja eins og áður kom fram og eiga fyrirtæki að beita honum við meðferð kaupa og sameiningar. En þrátt fyrir að aðeins sé um að ræða eina grein í ÁRSL skiptir miklu máli að kaupaðferðinni sé rétt beitt. Helsti munurinn á ÁRSL og IFRS stöðlunum er að samkvæmt ÁRSL má afskrifa viðskiptavild með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma, þó að hámarki 20 árum. Eins er farið með neikvæða viðskiptavild, hún skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum. Samkvæmt IFRS stöðlunum er afskrift á viðskiptavild ekki leyfð og skal gert virðisrýrnunarpróf í staðinn samkvæmt IAS 36. Enn fremur skal samkvæmt IFRS tekjufæra strax neikvæða viðskiptavild að fullu. Þetta viðamikla atriði um afskrift viðskiptavildar er það sem leitt hefur til þess að umfang viðskiptavildar í íslenskum félögum tók stórt stökk eftir innleiðingu IFRS staðlanna.

Að lokum skal tekið fram að því er þannig farið í lögum að félög sem tekið hafa upp alþjóðlegu reikningsskilastaðlana í reikningsskilum sínum skulu í hvívetna fylgja þeim og að IFRS staðlarnir eru æðri íslenskum lögum um ársreikninga eins og fram kemur í 93. gr. ÁRSL.

3.2.2 Önnur lagaákvæði

Í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (TSL) er aðeins tekið á samruna og kemur þar fram samkvæmt 51. gr. að við gildan skattalegan samruna tekur yfirtökufélagið við öllum skattaréttarlegum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins. Tvö skilyrði eru varðandi skattalegan samruna ehf. og hf. og þarf þeim báðum að vera fullnægt. Þau eru: a) Algjör samruni félaganna og b) Eingöngu hlutabréf sem gagngjald. Síðan eru lög um hlutafélög sem komið verður aðeins inn á í kafla 4.1 um skuldsetta yfirtöku og öfugan samruna.

4. Gagnrýni á viðskiptavild

Mikils misskilnings gætir meðal fólks um að stjórnendur fyrirtækja geti eftir sinni hentisemi hagrætt og fegrað bókhald fyrirtækja með því eingöngu að hækka viðskiptavildina í efnahagsreikningum þeirra. Eins og rakið hefur verið verður viðskiptavild ekki til nema í gegnum kaup fyrirtækis á öðru fyrirtæki eða annarri rekstrareiningu. Margoft hefur verið rætt um og ritað hvað það hafi verið sem olli efnahagshruninu og oftast en ekki hefur verið bent á viðskiptavildina í því samhengi, að hún hafi verið blaðran sem sprakk. Sem dæmi jókst viðskiptavild félaga í kauphöllinni gífurlega mikið á milli árána 2005 og 2006 eða að raunvirði um 158 milljarða króna (Einar Guðbjartsson, 2007). Það er því skiljanlegt er að nokkrar efasemdir séu um þetta fyrirbæri.

Viðskiptavild er einn þeirra matskenndu liða í ársreikningi sem fara eingöngu eða að mestu leyti eftir mati stjórnenda. Þessir matskenndu liðir eru meðal annars eins og fyrr segir viðskiptavild, útteiling kaupverðs og mat á skuldbindingum félaganna. Þessir liðir eru viðkvæmir fyrir skekkjum þar sem hvati getur verið til að hagræða þeim í því skyni að sýna betri rekstrarniðurstöðu (Þorsteinn Pétur Guðjónsson, 2010). Fyrir efnahagshrunið var hagsældin og hagvöxturinn í efnahagskerfinu mikil og þá er líklegra en ekki að bókfærð viðskiptavild hafi staðist virðisrýrnunarpróf sem gerð voru. En á móti þegar samdráttur verður, eins og efnahagskreppan sem við erum enn að ganga í gengum, aukast líkur verulega á að virðisrýrnun verði á viðskiptavildinni með tilheyrandi gjaldfærslu. Þeirri aðferð sem beitt er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla er ætlað að endurspeglar aðstæður í efnahagslífinu sem hún gerir með meiri sveiflum en línuleg afskrift (Margrét Flóvenz, 2009).

Skuldsett yfirtaka (e. leveraged buyout) og öfugur samruni (e. backwards integration) eru aðferðir við að komast yfir eignir fyrirtækja án þess að borga fyrir þær. Það er skoðun Aðalsteins Hákonarsonar, sem fram kemur í grein um skuldsetta yfirtöku og öfugan samruna sem hann birti í *Tíund*, fréttablaði Ríkisskattstjóra, að með því að fara þessa leið hafi óprúttir menn getað grætt mikla peninga. Sú var tíðin að borga þurfti fyrir þá hluti sem keyptir voru en þannig er ekki lengur bundið um hnútana. Í þessu samhengi er sú mikla gagnrýni sem gerð hefur verið á viðskiptavildina nokkuð réttmæt. Skoðum nánar hvernig að skuldsettri yfirtöku og öfugum samruna er staðið og styðjumst við útfærslu sem Aðalsteinn birtir í greininni.

4.1 Skuldsett yfirtaka og öfugur samruni

Aðalsteinn Hákonarson skrifaði í *Tíund*, fréttablað Ríkisskattstjóra, grein um skuldsetta yfirtöku og öfugan samruna sem vakti mikla athygli. Efni greinarinnar er misnotkun á viðskiptavild þegar fyrirtæki eru yfirtekin með skuldsettri yfirtöku og öfugum samruna. En skoðum fyrst nánari skilgreiningu á þessum fyrirbærum.

Með skuldsettri yfirtöku félags er átt við að fjárfestir eða hópur fjárfesta kaupi ráðandi hlut í félagi, að stórum hluta til fyrir lánsfé. Í flestum tilfellum stofnar fjárfestir og / eða fjárfestar gjarnan sérstakt félag um yfirtökuna. Það félag er sem sagt ekki í neinum rekstri. Félagið tekur síðan lán og ver eigin fé og lánsfénu til kaupa á hlutum í hinu yfirteknna félagi. Eigið féð nemur bara litlum hluta kaupverðs hlutanna en lánsféð nemur stórum hluta þess, oft er hlutfallið 1/3 (Sigurjón Högnason, 2012).

Með öfugum samruna er átt við að móðurfélagi er slitið með samruna við dótturfélag. Dótturfélagið tekur yfir allar eignir og skuldir móðurfélagsins. Í tilviki skuldsettrar yfirtöku geta eignirnar verið litlar eða engar aðrar en eignarhlutirnir í dótturfélaginu sem falla niður við samrunann. Samruni í kjölfar skuldsettrar yfirtöku er iðulega gerður að kröfu lánadrottins móðurfélagsins þar sem betri trygging fyrir greiðslu getur falist í beinum aðgangi að eignum dótturfélagsins en að eignarhlutum í því (Sigurjón Högnason, 2012).

Skoðum hvernig þessi viðskipti ganga fyrir sig og styðjumst við útfærslu sem Aðalsteinn birtir í greininni. Aðili V, sem er slungin viðskiptajöfur, vill kaupa rekstrarfélag A sem honum finnst góður fjárfestingarkostur. Hann semur um kaupverð og stofnar í kjölfarið félagið B í þeim tilgangi að kaupa rekstrarfélag A og því telst B vera yfirtökufélagið í þessum gjörningi. Viðskiptajöfurinn leggur hlutafé til yfirtökufélagsins B en þó ekki nema lítinn hluta, $\frac{1}{4}$ (fjórðungshluta) af kaupverði A. Mismuninum sem vantar upp á kaupverðið, $\frac{3}{4}$ (þremur fjórðungshlutum), þarf yfirtökufélagið B að taka lán fyrir. Kaupverðið allt er síðan greitt til hluthafa A. Í kjölfar þess eru A og B sameinuð undir nafni A þannig að A er orðið yfirtökufélagið í samrunanum en ekki B eins og ætla mætti og skuldir A, sem nú hafa nú aukist um $\frac{3}{4}$, fara inn í sameinaða fyrirtækið án þess að nokkur eign hafi komið á móti því eina eign B var hluturinn í A og ekki getur A átt hlut í sjálfu sér. Við þetta hefur eigið fé A skerst verulega og stendur félagið mun verr en fyrir samrunann. En til að fela skerðinguna á eigin fé eftir skuldsetninguna í B er

viðskiptavildin færð á móti skuldunum sem eign. Eftir þetta er A tilbúið til að vera sett á markað sem álitlegur fjárfestingarkostur og hægt er að skrá það á herra gengi en það var upphaflega keypt á þrátt fyrir að það sé skuldsettara en áður. Þannig myndast gróði sem viðskiptajöfurinn V greiðir sér arð af. Setjum dæmið nú upp með ímynduðum fjárhæðum: V kaupir allt hlutféð í A á 1000 kr., tekur lán 750 kr. og setur á A og selur síðan t.d. 70% hlut af félaginu fyrir 1500 kr. Hagnaðurinn sem V hlotnast af þessu er þá þannig að hlutinn sem hann keypti á 175 kr. selur hann nú á 1500 kr. ($70\% \text{ af } 1000 - 750 = 250$) og hagnast um 1325 kr. (Aðalsteinn Hákonarson, 2008).

Aðalsteinn er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið ein af þeim aðferðum sem mikið var notuð fyrir efnahagshrun og hafi orðið til þess að efnahagsreikningar fyrirtækja stækkuðu ört. Með þessari aðferð jókst viðskiptavild félaganna alveg gífurlega mikið. Í greininni birtir Aðalsteinn töflu yfir þróun heildareigna, viðskiptavildar og eiginfjár 20 félaga í kauphöllinni. Þar kemur fram að viðskiptavildin ein og sér fimmtánfaldaðist á tímabilinu frá 2003 til 2007. Árið 2003 skráðu þessi 20 félög viðskiptavild sína upp á samtals rúmlega 62 milljarða kr. Í fyrra var þessi tala komin í rúmlega 931 milljarð kr. Aðalsteinn fullyrðir að svona hafi verið staðið að málum á þenslutímanum, bankarnir lánuðu fyrir skuldsetningunni og þöndu út efnahagsreikninga sína og fyrirtækjanna enda var á þeim tíma ekki mikill skortur á fjármagni. Bankarnir voru hvað duglegastir að taka þátt í þessu ferli enda fylgdu því oft háir bónusar sem féllu í hendur starfsmanna við það eitt að lána sem mest en ábyrgðin sem lá að baki var lítil sem engin. Athyglisvert er að í ársreikningalögunum er ekkert um þennan gjörning að finna, þ.e. hvernig skal færa viðskiptavild sem verður til við samruna félaga og skuldsetta yfirtöku. Í grundvallarreikningsskilareglum kemur þó fram að skynsemissjónarmið og varúð eigi að ráða svo hægt er að rökstyðja það að viðskiptavildin sem myndast við skuldsetta yfirtöku sé í raun viðskiptavild sem myndast inni í fyrirtækjum og því megi ekki færa hana til eignar (Aðalsteinn Hákonarson, 2008).

Aðalsteinn gerir ekki athugasemdir við að viðskiptavild sé færð upp þegar eitt fyrirtæki í rekstri kaupir annað á herra verði en hreinu verðmæti eigna hins keypta fyrirtækis og samruni verður í kjölfarið. En skoðum nú hvernig skuldsett yfirtaka og öfugur samruni samræmist öðrum reglum en lögum um ársreikninga og alþjóðlegu reikningsskilareglunum.

Í 1. mgr. 76. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 segir: „Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.“ Samkvæmt þessari grein ber stjórninni skylda til að gæta hagsmuna allra þeirra sem kröfur eiga á félagið, þar á meðal lánadrottna. Með samrunanum, eins og lýst er hér að ofan, var hagar lánadrottna ekki hafður að leiðarljósi þar sem skuldir félagsins jukust við samrunann (Lög um hlutafélög nr.2/1995).

Einnig smá skoða 2. mgr. 104. gr. sömu laga í þessu samhengi: „Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup“ (Lög um hlutafélög nr.2/1995). Hér virkar regluverkið ekki sem skyldi því ekki getur talist eðlilegt að færa skuldir inn í félagið án þess að nokkur eign komi á móti eins og fram kemur í dæminu hér að ofan. Með hliðsjón af því mætti lesa úr þessu að hlutafélagið væri að skuldsetja sig í þágu hluthafa þannig að þeir kæmst yfir eignarhald á félaginu.

Hlutafélagalögin taka skýrt á þessu með 134. gr. sem segir: „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi“ og ennfremur kemur fram í 153. gr. að brot á hlutafélagalögum af því tagi sem á undan eru rakin varða allt að tveggja ára fangelsi (Lög um hlutafélög nr.2/1995).

5. Viðskiptavild nokkurra íslenskra fyrirtækja

Mikið hefur borið á viðskiptavild í ársreikningum fyrirtækja og verður hér því skoðuð þróun á umfangi hennar hjá nokkrum sérvöldum íslenskum fyrirtækjum. Þau félög sem eru skoðuð eru Nýherji, Icelandair group, Marel, og Össur. Félögin eru öll skráð á íslenskum hlutabréfamarkaði, NASDAQ OMX Iceland. Össur er einnig skráð í kauphöll NASDAQ OMX í Kaupmannahöfn. Ástæðan fyrir valinu á þessum félögum er að þau hafa öll haldið sér „inni“ í kauphöllinni ef svo má að orði komast og eru ein stærstu og stoltustu „íslensku“ fyrirtækin. En auk þessara félaga er í kauphöll Íslands Sláturfélag Suðurlands (NASDAQ OMX | NORDIC, e.d).

5.1 Umfang

Við vitum að talsverð breyting átti sér stað þegar tilskipun kom frá Evrópusambandinu um að öllum félögum sem skráð voru á markað skyldi vera skylt að semja reikningskil sín eftir alþjóðlegu reikningskilastöðlunum frá 1. janúar 2005. Í árslok 2006 nam viðskiptavild allra fyrirtækja á hlutabréfamarkaðnum hérlandis rúmlega 500 milljörðum kr. og hafði hækkað um meira en 200 milljarða frá fyrra ári. Eru þessar fjárhæðir mjög fyrirferðarmiklar hlutfallslega á móti heildareignum fyrirtækjanna (Einar Guðbjartsson, 2007). Afskrift viðskiptavildar á grundvelli virðisrýrnunarprófa hafði verið nánast engin hjá fyrirtækjum í OMXI15-vísitölunni árin tvö á undan eða frá því að reglan um virðisrýrnunarpróf tók gildi hér á landi árið 2005 (Seðlabanki Íslands, 2007). En nú er staðan á mörkuðunum allt önnur og hefur væntanlega breyst talsvert í kjölfar hrunsins 2008. Íslensk fyrirtæki sem og önnur hafa flest öll gengið í gegnum talsverða niðursveiflu og ætla má að í niðursveiflum sé ekkert greiðsluflæði sem stendur undir viðskiptavildinni svo að væntanlega ætti að vera veruleg virðisrýrnun á viðskiptavild í kjölfar hrunsins. Eftirfarandi tilvitnun er höfð eftir Stefáni Svavarssyni fyrrverandi aðalendurskoðanda Seðlabanka Íslands: „Það er þversögn í því að halda viðskiptavildinni óhreyfðri í bókhaldinu ef reksturinn sem henni tengist er í núlli, í tapi eða með lítilli arðsemi.“ Í þessu samhengi er ætlunin að skoða hversu hátt hlutfall viðskiptavild er í ársreikningum þessara fjögurra íslensku fyrirtækja borið saman við heildareignir þeirra og eigið fé og hver breytingin var á árunum 2007 til 2011.

5.1.1 Nýherji

Nýherji hf. er eitt öflugasta upplýsingatæknifélag Íslands sem annast sölu og tæknilega ráðgjöf á vél- og hugbúnaðarlausnum, hljóð- og myndlausnum, uppsetningu og rekstri x z upplýsingatæknilausna. Nýherji er með starfandi dótturfélög í Danmörku, Bretlandi og Svíþjóð. Fyrirtækið hóf starfsemi sína hér á landi árið 1992 með samruna IBM á Íslandi hf. og Skrifstofuvéla-Sund hf. og hefur verið skráð á íslenska hlutabréfamarkaðnum síðan 1997 (Nýherji, e.d).

Tafla 3. Þróun viðskiptavildar hjá Nýherja

| Þróun viðskiptavildar hjá Nýherja (ársreikningar 2006-2011) | | | | | | | | |
|---|---------------|---------------|--------------|--------------------------|------------------------------|---|-----------|--------------------------------------|
| Ár | Heildareignir | Viðskiptavild | Virðisrýrnun | Breyting á viðskiptavild | Breyting á viðskiptavild í % | Hlutfall viðskiptavildar af heildareignum | Eigið fé | Hlutfall viðskiptavildar af eigin fé |
| 2007 | 5.661.290 | 1.178.496 | | 253.099 | 21% | 21% | 1.763.961 | 67% |
| 2008 | 10.130.007 | 3.891.468 | | 2.712.972 | 70% | 38% | 1.963.966 | 198% |
| 2009 | 9.594.922 | 3.678.075 | - 322.281 | - 213.393 | -6% | 38% | 1.263.981 | 291% |
| 2010 | 7.980.520 | 3.435.705 | | - 242.370 | -7% | 43% | 2.419.911 | 142% |
| 2011 | 8.417.936 | 3.371.793 | - 124.281 | - 63.912 | -2% | 40% | 2.186.633 | 154% |

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna. (ISK)

(Nýherji)

Árleg virðisrýrnunarpróf voru gerð á viðskiptavild samstæðunnar í lok hvers árs og varð viðskiptavild í samsteypu Nýherja tvisvar á árunum 2007-2011 fyrir virðisrýrnun. Mesta hækkun á viðskiptavild Nýherja var árið 2008 en þá jókst hún um 70% og er ástæðan kaup Nýherja á TM Software. Við það varð viðskiptavildin tvöföld á við eigið fé félagsins. Síðan hefur viðskiptavildin haldist tiltölulega jöfn. Árið 2009 var hlutfall hennar orðið þrefalt á við eigið fé félagsins þrátt fyrir að þá varð virðisrýrnun á viðskiptavildinni en ástæðuna má kannski einna helst rekja til þess að árið 2009 var félagið rekið með tapi.

Við mat á nýtingarvirði viðskiptavildar byggja stjórnendur Nýherja á áætlunum um framtíðarþróun á sviði upplýsingatækni, bæði er byggt á ytri og innri upplýsingum (Nýherji).

Ástæður virðisrýrnunar viðskiptavildar Nýherja árið 2009 og 2011 eru gefnar upp í ársreikningum þeirra og eru:

Ársreikningur Nýherja 2009

Virðisrýrnun vegna viðskiptavildar dótturfélaga nemur 322 milljónum kr. og er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Samkvæmt niðurstöðu virðisrýrnunarprófsins í árslok 2009 hafði hluti viðskiptavildarinnar vegna tveggja dótturfélaga orðið fyrir virðisrýrnun, samtals 142 milljónum kr. og voru rekstraráætlanir tveggja dótturfélaga lagaðar að breyttu rekstrarumhverfi sem leiddi til 180 milljón kr. virðisrýrnunar á viðskiptavild vegna þeirra (Nýherji).

Ársreikningur Nýherja 2011

Virðisrýrnun vegna viðskiptavildar dótturfélagsins Applicon A/S í Danmörku nam 124 milljónum kr. og er gjaldfærð í rekstrarreikningi (Nýherji). Í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra kemur einnig fram að á árinu keypti félagið minnihlutaeign í Applicon Holding ehf. og Application Consulting Holding AB í Svíþjóð fyrir 161 milljónir kr. Eftir viðskiptin á samstæðan alla eignarhluti í félögunum. Kaupverð umfram hlutdeild minnihluta í bókfærðu eigin fé félaganna er fært til lækkunar á eigin fé samstæðunnar. Þetta er fært í samræmi við IFRS 3 sem gildir m.a. fyrir þær rekstrareiningar sem keyptar eru í áföngum og er hlutdeild minnihluta þá sýnd meðal eiginfjár í efnahagsreikningi (IFRS 3).

5.1.2 Icelandair Group

Icelandair Group var stofnað árið 2005 en á rætur sínar að rekja til ársins 1937 þegar stofnað var flugfélag á Norðurlandi að nafni Flugfélag Akureyrar. Icelandair Group er eignarhaldsfélag með 12 dótturfyrirtæki á sviði flugrekstrar- og ferðamálaþjónustu. Aðalstarfsemi samstæðunnar skiptist í tvö svið: Áætlunarflug og ferðaþjónusta leggja áherslu á Ísland, á því sviði starfa Icelandair, Icelandair Ground Services (IGS), Icelandair Cargo, Flugfélag Íslands og Icelandair Hotels. Alþjóðleg leiguflugsstarfsemi býður upp á flugþjónustu um allan heim með félögum Loftleiðir Icelandic, Travel Service, SmartLynx, Bluebird Cargo og Icelease. Félagið notar staðsetningu Íslands, sem er mitt á milli Ameríku og Evrópu, sem viðskiptatækifæri og hefur byggt upp alþjóðlegt leiðakerfi með Ísland sem miðpunkt (Icelandair, e.d). Icelandair Group hefur verið skráð á íslenska hlutabréfamarkaðnum síðan árið 2006.

Tafla 4. Þróun viðskiptavildar hjá Icelandair Group

| Þróun viðskiptavildar hjá Icelandair Group (ársreikningar 2006-2011) | | | | | | | | | | |
|--|---------------|---------------|--------------|--------------------------|------------------------------|---|----------|--------------------------------------|--------|------|
| Ár | Heildareignir | Viðskiptavild | Virðisrýrnun | Breyting á viðskiptavild | Breyting á viðskiptavild í % | Hlutfall viðskiptavildar af heildareignum | Eigið fé | Hlutfall viðskiptavildar af eigin fé | | |
| 2007 | 66.760 | 20.143 | - | - | 971 | -5% | 30% | 25.033 | 80% | |
| 2008 | 99.947 | 20.819 | - | 5.182 | 676 | 3% | 21% | 20.080 | 104% | |
| 2009 | 89.104 | 18.312 | - | 1.019 | - | 2.507 | -14% | 21% | 14.605 | 125% |
| 2010 | 84.239 | 16.550 | - | 322 | - | 1.762 | -11% | 20% | 28.403 | 58% |
| 2011 | 89.466 | 16.927 | - | - | 377 | 2% | 19% | 32.291 | 52% | |

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna. (ISK)

(Icelandair Group)

Árleg virðisrýrnunarpróf voru gerð á viðskiptavild samstæðunnar í lok hvers árs og varð viðskiptavild í samstæðu Icelandair Group þrisvar sinnum á árunum 2007-2011 fyrir virðisrýrnun. Árið 2008 var Icelandair Group erfitt eins og mörgum öðrum félögum, ástæða virðisrýrnunar eru breytingar í rekstrarumhverfi tveggja fyrirtækja innan samstæðunnar, SmartLynx og Icelandair Cargo, þar sem upprunaleg úthlutun viðskiptavildar þeirra leiddi til verulegar niðurfærslu. Hlutfall viðskiptavildarinnar síðustu tvö ár er rétt rúmlega helmingur af eigin fé félagsins sem þykir nokkuð lágt. Árin 2008 og 2009 skýrist virðisrýrnunin helst af því að félagið var þá rekið með tapi (Icelandair Group).

5.1.3 Marel

Marel hf. er alþjóðlegt fyrirtæki og er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja Íslands. Það er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Vöruframboð fyrirtækisins spannar allt framleiðsluferlið, frá frumvinnslu hráefnis til pökkunar í neytendaumbúðir. Fyrirtækið starfrækir skrifstofur og dótturfyrirtæki í meira en 30 löndum, auk 100 umboðsmanna og dreifingaraðila (Marel, e.d). Marel var stofnað árið 1983 og hefur verið skráð á íslenskum hlutabréfamarkaði síðan 1991.

Tafla 5. Þróun viðskiptavildar hjá Marel

| Þróun viðskiptavildar hjá Marel (ársreikningar 2006-2011) | | | | | | | | |
|---|---------------|---------------|--------------|--------------------------|------------------------------|---|----------|--------------------------------------|
| Ár | Heildareignir | Viðskiptavild | Virðisrýrnun | Breyting á viðskiptavild | Breyting á viðskiptavild í % | Hlutfall viðskiptavildar af heildareignum | Eigið fé | Hlutfall viðskiptavildar af eigin fé |
| 2007 | 427.304 | 95.450 | 0 | - 1.667 | -2% | 22% | 181.835 | 52% |
| 2008 | 920.259 | 394.979 | 0 | 299.529 | 76% | 43% | 288.279 | 137% |
| 2009 | 882.882 | 377.959 | - 24.457 | - 17.020 | -5% | 43% | 323.797 | 117% |
| 2010 | 877.623 | 379.879 | 0 | 1.920 | 1% | 43% | 343.269 | 111% |
| 2011 | 877.818 | 380.419 | 0 | 540 | 0% | 43% | 373.471 | 102% |

Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra. (EUR)

(Marel)

Árleg virðisrýrnunarpróf voru gerð á viðskiptavild samstæðunnar í lok hvers árs og varð viðskiptavild í samstæðu Marels einu sinni á þessum fimm árum fyrir virðisrýrnun. Helsta breyting á viðskiptavildinni var árið 2008 þegar félagið keypti og sameinaðist Stork Food Systems en með samrunanum jókst viðskiptavildin um 76% og eigið fé félagsins jókst einnig. Árið 2009 var hluti þessarar viðskiptavildar gjaldfærður sem virðisrýrnun. Virðisrýrnunin vegna Stork Food & Dairy Systems (sér deild innan Stork Food Systems) var að fjárhæð 16,407 milljónir evra og vegna Carnitech A/S að fjárhæð 8,050 milljónir evra. Báðar þessar einingar voru seldar árið 2010 með litlum hagnaði (0,3 milljónum evra). Stork Food & Dairy Systems eitt og sér var selt með tapi upp á 16,4 milljónir evra sem var aðallega vegna afskrifta viðskiptavildar og endurmetinna eigna og tekið hafði verið tillit til í ársreikningum fyrir 2009 eins og fram kemur í tilkynningu frá félaginu (Marel).

5.1.4 Össur

Össur hf. er alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar á heilbrigðissviði. Fyrirtækið hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur. Össur er leiðandi í hönnun stoðtækja og annar stærsti stoðtækjaframleiðandinn í heiminum. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Íslandi en starfsstöðvar í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Frakklandi, Svíþjóð, Suður-Afríku, Ástralíu og Kína og er með umfangsmikið net dreifingaraðila á öðrum alþjóðlegum mörkuðum (Össur hf., e.d). Fyrirtækið var sofnað árið 1971, það hefur verið skráð á íslenska hlutabréfamarkaðnum frá 1999 og er stærsta íslenska félagið í kauphöll Íslands. Félagið óskaði eftir afskráningu árið 2010 en NASDAQ OMX Iceland hf. (kauphöllin) ákvað að taka hlutabréf Össurar hf. aftur til viðskipta þann 28. mars 2011. Ákvörðunin var tekin að frumkvæði kauphallarinnar og byggði á 23. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007 sem heimilar kauphöll að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hafi verðbréfin verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu (NASDAQ OMX | NORDIC, e.d). Össur hf. er einnig skráð í kauphöll NASDAQ OMX í Kaupmannahöfn (Össur hf., e.d).

Tafla 6. Þróun viðskiptavildar hjá Össuri

| Þróun viðskiptavildar hjá Össur (ársreikningar 2006-2011) | | | | | | | | |
|---|---------------|---------------|--------------|--------------------------|------------------------------|---|----------|--------------------------------------|
| Ár | Heildareignir | Viðskiptavild | Virðisrýrnun | Breyting á viðskiptavild | Breyting á viðskiptavild í % | Hlutfall viðskiptavildar af heildareignum | Eigið fé | Hlutfall viðskiptavildar af eigin fé |
| 2007 | 635.821 | 342.359 | 0 | 25.766 | 8% | 54% | 250.282 | 137% |
| 2008 | 603.778 | 322.381 | 0 | - 19.978 | -6% | 53% | 249.648 | 129% |
| 2009 | 628.217 | 334.844 | 0 | 12.463 | 4% | 53% | 312.223 | 107% |
| 2010 | 607.078 | 339.153 | 0 | 4.309 | 1% | 56% | 343.558 | 99% |
| 2011 | 581.991 | 333.484 | 0 | - 5.669 | -2% | 57% | 366.756 | 91% |

Allar fjárhæðir eru í þúsundum dollara. (USD)

(Össur)

Árleg virðisrýrnunarpróf voru gerð á viðskiptavild Össurar í lok hvers árs og varð hún aldrei á þessum fimm árum fyrir virðisrýrnun. Litlar breytingar hafa orðið á viðskiptavildinni og er breytingin sem átti sér stað árið 2008 tilkomin vegna gengismunar. Hlutfall viðskiptavildarinnar af heildareignum hefur nánast verið óbreytt þessi fimm ár, 53%-57%. Hlutfall á móti eigin fé fer sífellt lækkandi milli ára sem er vegna þess að eigið fé eykst.

5.2 Samantekt yfir viðskiptavildina hjá íslensku félögunum

Í lok hvers reikningsárs eða samhliða ársuppgjöri var gert virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild allra félaganna eins og vera ber samkvæmt lögum IAS36.

Í rammagrein 1 um fjármálastöðugleika 2007 frá Seðlabanka Íslands um óefnislegar eignir skráðra fyrirtækja kemur fram:


Í árslok 2006 nam viðskiptavild allra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði hérlendis rúmlega 500 ma.kr. og hafði hækkað um meira en 200 ma.kr. frá fyrra ári. (Einar Guðbjartsson, 2007). Að auki voru eignfærðar aðrar óefnislegar eignir að fjárhæð um 150 ma.kr. og höfðu þær hækkað um 50 ma.kr. á árinu 2006. Samtals námu því bókfærðar óefnislegar eignir um 700 ma.kr. í árslok 2006. Það er ekki aðeins svo að um háar fjárhæðir sé að ræða heldur eru þær ennfremur fyrirferðarmiklar hlutfallslega. Í þeirri úttekt sem hér er vitnað til kemur jafnframt fram að bókfærð viðskiptavild nam um 1,2% af heildareignum fjögurra stærstu fjármálafyrirtækjanna á markaði. Bókfærð viðskiptavild annarra fyrirtækja (20) á markaði nam um 23% af heildareignum og sýnist það vera nokkru hærra en annars staðar gerist. Í þessu sambandi þykir ennfremur ástæða til að benda á, að óefnislegar eignir samtals vógu hlutfallslega meira en 20% af heildareignum hjá 15 af 24 fyrirtækjum á markaði og þar af voru óefnislegar eignir meira en 50% af heildareignum hjá 6 fyrirtækjum á markaðnum.

Eftir að hafa skoðað þessi fjögur félög og hlutfall viðskiptavildar í ársreikningum þeirra borið saman við heildareignir og eigið fé félaganna má draga þá ályktun að umfang viðskiptavildar hjá fyrirtækjunum á Íslandi hafi ekki minnkað mikið eftir efnahagshrunið en athyglisvert er að sjá að hjá öllum fjórum félögunum var hlutfall viðskiptavildar af eigin fé hæst árin 2008 og 2009. Ástæðan fyrir neikvæðri breytingu á viðskiptavild milli ára er einna helst sú að útreikningur á virðisrýrnun breyttist talsvert þar sem áhættuálag hafði hækkað og eins ávöxtunarkrafa á eigið fé. Einnig urðu félögin fyrir gífurlegum gengisbreytingum vegna veikingar krónunnar og fengu Icelandair Group og Nýherji mestan skellinn þar.

Ef þessi fjögur félög eru tekin saman er hlutfall viðskiptavildar af heildareignum að meðaltali 38% og hlutfall viðskiptavildar af eigin fé félaganna að meðaltali 118%. Á mynd 3 er búið að taka saman meðaltal hjá hverju félagi fyrir sig yfir tímabilið 2007-

2011. Við getum þannig rétt ímyndað okkur hvernig afkoma félaganna liti út ef engin viðskiptavild væri í bókum þeirra eða hún meðhöndluð á annan hátt en gert er.

Mynd 4. Meðaltal, hlutfall viðskiptavildar af heildareignum og meðaltal, hlutfall viðskiptavildar af eigin fé



Heimild: Ársreikningar félaganna sem til umfjöllunar eru frá tímabilinu 2007-2011.

Eftir því sem höfundur kemst næst var virðisrýrnun gjaldfærð í bókum félaganna en þó ekki allra. Hjá Marel var eignfærð há fjárhæð vegna kaupa á Stork Food Systems sem síðar var gert virðisrýrnunarpróf á sem leiddi til gjaldfærslu. Er það mat höfundar að hlutfall viðskiptavildar af eigin fé eigi ekki með nokkru móti að fara upp fyrir 100% af eigin fé félaga.

Höfundur bjóst við að viðskiptavild þessara félaga hefði virðisrýrnað og verið afskrifuð að meira leyti en raunin var þar sem meiri líkur eru á að viðskiptavild sé færð niður þegar rekstrarumhverfi félaga er erfitt. En þrátt fyrir að samstæðurnar hafi sumar orðið fyrir tapi á einhverju tímabili þá skiluðu einingarnar sem tengjast viðskiptavildinni arði og því er ekki að neinu ráði um virðisrýrnunartap að ræða. Félögum í kauphöllinni fækkaði margfalt eftir efnahagshrunið og í mörgum þeirra kom aldrei til virðisrýrnunartaps á viðskiptavildinni heldur fengu félögin miklu stærri skell og urðu gjaldþrota.

6. Lokaorð

Hér hefur verið farið í flest öll atriði sem viðkoma viðskiptavild í reikningsskilum félaga. Einnig voru íslensku lögunum sem og alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum gerð góð skil.

Komið var inn á það að óefnislegar eignir eru ekki afskrifaðar eins og efnislegir fastafjármunir heldur eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að lágmarki einu sinni á ári. Ef óefnislegu eignirnar skapa jafnmiklar tekjur og ráð var fyrir gert verður engin virðisrýrnun og þar af leiðandi engin gjaldfærsla. Ef óefnislegu eignirnar reynast hins vegar ekki eins mikils virði og talið var þegar kaup áttu sér stað þarf, til viðbótar við minnkaðar tekjur, að gjaldfæra virðisrýrnun óefnislegu eignanna og því leggst kostnaður á af tvöföldum þunga í efnahagsreikningi fyrirtækisins þegar illa árar (Einar Guðbjartsson, 2006).

Mikil aukning varð á viðskiptavild í efnahagsreikningum íslenskra félaga eftir innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna árið 2005. Þessa gífurlegu aukningu má rekja beint til umsvifa fárra en stórra fjárfesta sem á góðæristímum létu sömu félög og fyrirtæki ganga kaupum og sölum á síhækkandi verði enda var nóg af ódýru lánsfé í boði á þeim tímum (Aðalsteinn Hákonarson, 2009). Fjárfestar keyptu fyrirtæki á næstum hvaða verði sem var af því að þeir þurftu ekki sjálfir að borga eða taka ábyrgð á því að fyrirtækin sem keypt voru skiluðu nægjanlegum arði til að standa undir kaupverðinu. Þetta var skýrt ítarlega í kafla 4.

Íslensku félögin sem tekin voru fyrir í þessari ritgerð eru Nýherji, Marel, Össur og Icelandair Group og skoðuð var þróun viðskiptavildar þeirra á tímabilinu 2007-2011. Hlutfall viðskiptavildar af heildareignum sem og eigin fé var borið saman og mátti sjá að hlutfall viðskiptavildar þessara félaga er enn gífurlega hátt. Lítið hefur borið á virðisrýrnun á þessum árum þrátt fyrir að í lok hvers reikningsárs eða samhliða ársuppgjöri hafi verið gert virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild allra félaganna eins og vera ber samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS36 en eins og fram hefur komið er virðisrýrnunarprófið mjög huglægt mat stjórnenda félaganna. Fjárstreymið er áætlað í samræmi við rauntölur rekstrar og rekstraráætlun. Raunvöxtur er áætlaður yfir áætlunartímabilið og síðan er endavöxtur áætlaður þannig að mikið er um áætlunir. Löggiltir endurskoðendur, sem sjá um endurskoðun á þessum prófum, eru oft ekki í

aðstöðu til að rengja mat stjórnenda á væntanlegri afkomu. Engu að síður eru það niðurstöður sérfróðra endurskoðenda að við þær aðstæður sem íslenskt efnahagslíf, sem og annars staðar, hefur búið við ættu í flestum tilfellum að vera mjög sterkar vísbendingar um virðisrýrnun. Hafi viðskiptavild orðið til á síðustu tveimur til þremur árum er nánast óhugsandi að ekki þurfi að færa virðisrýrnun hennar. Eina haldgóða undantekningin væri ef fyrirtæki gerir upp reikningsskil sín í ISK en fær megnið af tekjum sínum í erlendum gjaldmiðlum (sennilega eina raunhæfa ástæðan sem gæti verið til staðar) (Birkir Böðvarsson, 2009).

Eftir að hafa lesið sér til um efnið og rýnt vel í löginn sem tengjast efni ritgerðarinnar kemst höfundur ekki hjá því að spyrja hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða betur ársreikningslögin (nr.3/2006). Þau hafa haldist óbreytt í rúm sex ár að undanskyldum tilskipunum EES samningsins. Samkvæmt ársreikningaskrá beittu aðeins 85 félög á Íslandi IFRS stöðlunum við reikningsskilagerð sína árið 2010 en restin beitti lögum um ársreikninga. Nú hafa tímarnir breyst og því ætti að vera tækifæri til að leggja mat á það sem fór úrskeiðis og endurmeta regluverkið í kringum viðskiptavildina. Skerpa verður á lögum um það hvernig viðskiptavild myndast í reikningsskilum og hvernig hún var færð upphaflega. Reikningsskil félaga eiga að vera upplýsingaleikur en ekki feluleikur.

Við vitum að víða er uppgangur okkar lofti blandaður. Við því er ekkert að segja og það er eðlilegt að þættir eins og óefnislegar eignir séu fyrirferðarmiklar á uppgangstímum þegar vel gengur, en þegar á móti blæs og harðnar á dal, þarf aðeins lítið gat til að loftið leki úr slíkum eignum (Viðskiptaráð Íslands, 2008).

7. Heimildaskrá

- Aðalsteinn Hákonarson. (2008). Skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni. *Tíund - Fréttablað RSK, 3.tölublað* (22.árgangur), bls. 9-12.
- Aðalsteinn Hákonarson. (2009). Uppvakin viðskiptavild - víti til varnaðar. *Tíund - Fréttablað RSK, 2.tölublað* (23.árgangur), bls.4-5.
- Ársreikningaskrá. (e.d.). *Félög með alþjóðlega reikningsskilastaðla*. Sótt 12. febrúar 2012 frá <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/felog>
- Benedikt K. Magnússon. (2006). *Mat á viðskiptavild*. Sótt 14. mars 2012 frá KPMG: http://www.fle.is/fle/upload/files/efni_fra_radstefnum/endurskodunardagur/2006/glaerur_benedikt_mag-mat_a_vidskiptavild_%5Brecovered%5D.pdf
- Birkir Böðvarsson. (2009). *Framkvæmd endurskoðunar á virðisrýrnunarprófum og áhrif fjármálakreppunar*. Sótt 14. mars 2012 frá Deloitte: http://www.fle.is/fle/upload/files/innri_vefur/faglegt_efni/endurskodun/2009_birkir_b.virdisrurnunarprof.pdf
- Deloitte. (2011). *IRFS - Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*. Sótt 8. febrúar 2012 frá [http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/IRFS-bok\(2\).pdf](http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/IRFS-bok(2).pdf)
- Einar Guðbjartsson. (27. mars 2007). Málstofa viðskipta- og hagfræðideildar.
- Einar Guðbjartsson. (11. apríl 2006). *Óefnislegar eignir í efnahagsreikningi*. Sótt 21. janúar 2012 frá mbl.is: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1076762/>
- Erling Tómasson. (15. janúar 2009). *Kaup og sameiningar- viðskiptavild. - samspil IFRS og ÁRSL*. Sótt 4. janúar 2012 frá http://www.fle.is/fle/upload/files/efni_fra_radstefnum/annad/namskeid_20009/samspil_arssl_og_ifrs.pdf
- Félag löggiltra endurskoðenda. (18. janúar 2011). *Endurskoðandinn - Umhverfi, hlutverk, ábyrgð*. Sótt 9. janúar 2012 frá http://www.fle.is/fle/upload/files/faglegt_efni/lokaeintak_f_vefinn_&_til_dreifingar.pdf
- Hagstofa Íslands. (e.d). *Gjaldþrot fyrirtækja*. Sótt 10. febrúar 2012 frá <http://www.hagstofa.is/temp/Dialog/Saveshow.asp>
- IAS 36. *Impairment of Assets*.
- IAS 38. *Intangible Assets*.
- Icelandair Group. *Ársreikningar 2006-2011*.
- Icelandair. (e.d). *Saga Icelandair*. Sótt 20. febrúar 2012 frá <http://www.icelandair.is/information/about-icelandair/world-wide-sites/>
- IFRS 3. *Business Combinations*.

- Íslensk orðabók.* (1985). Árni Böðvarsson (ritstjóri). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Íslenska alfræðiorðabókin.* (1990). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Lög um ársreikninga nr.3/2006. (án dags.).
- Lög um hlutafélög nr.2/1995. (án dags.).
- Marel. *Ársreikningar 2006-2011.*
- Marel. (e.d). *Um Marel.* Sótt 20. febrúar 2012 frá <http://www.marel.is/Um-Marel/>
- Margrét Flóvenz. (16. mars 2009). *Viðskiptavild - sökudólgur eða blóraböggull?* Sótt 7. febrúar 2012 frá http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1274171/?item_num=1&searchid=488260fa5f678128d55ff83c0527de53e0f45c87
- NASDAQ OMX | NORDIC. (e.d). *Nasdaq OMX á Íslandi.* Sótt 1. mars 2012 frá Markaðstilkynningar: <https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=442719&lang=is>
- NASDAQ OMX | NORDIC. (e.d). *Nasdaq OMX á Íslandi.* Sótt 1. mars 2012 frá <http://www.nasdaqomxnordic.com/nordic/Nordic.aspx/MyWatchlist>
- Nýherji. *Ársreikningar 2006-2011.*
- Nýherji. (e.d). *Saga.* Sótt 20. febrúar 2012 frá <http://www.nyherji.is/um-nyherja/nyherji/saga/>
- Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum.* Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX.
- Ríkisskattstjóri. (e.d). *Ársreikningaskrá.* Sótt 12. febrúar 2012 frá <http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/arsreikn>
- Sedlabanki Íslands. (2007). *Fjármálastöðuleiki 2007.* Sótt 15. janúar 2012 frá <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5095>
- Sigurður Þórðarson. (24. september 2004). *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Íslandi.* Sótt 2. janúar 2012 frá <http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/reikningsskilastadlar-erindi-sth.pdf>
- Sigurjón Högnason. (26. janúar 2012). *Skuldsett yfirtaka og öfugur samruni.* Sótt 26. febrúar 2012 frá <http://www.kpmg.com/IS/is/utgefidefni/greinar-og-utgefid/frodleikur-a-fimmt/Documents/SH%20-%20skuldsett%20yfirtaka%20-%20jan%202012.pdf>

Stefán Svavarsson. (17. mars 2011). *Ársreikningalögin, ágallar*. Sótt 20. janúar 2012 frá Félag löggiltra endurskoðenda: http://www.fle.is/fle/upload/files/innri_vefur/faglegt_efni/fraedslumal/namskeid/morgunkorn_17._mars_-_glaerur_ss.pdf

Stefán Svavarsson. (12. apríl 2007). *Um viðskiptavild í fyrirtækjum*. Sótt 2. janúar 2012 frá <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1139308/>

Viðskiptaráð Íslands. (18. nóvember 2008). Ræða Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Þorsteinn Pétur Guðjónsson. (18. nóvember 2010). *Endurskoðunarnefndir - Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila*. Sótt 18. mars 2012 frá Deloitte: <http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/Endurskodunarnefndir%2018.11.2010.pdf>

Össur. *Ársreikningar 2006-2011*.

Össur hf. (e.d). *Fjárfestaupplýsingar*. Sótt 20. febrúar 2012 frá <http://www.ossur.is/Ossur/investors>

Össur hf. (e.d). *Um Össur*. Sótt 20. febrúar 2012 frá <http://www.ossur.is/Ossur>